k kjarninn
34. útgáfa – 10. apríl 2014 – vika 15



NÝTT HÆGRI SKEKUR VALHÖLL

+ Nýr Evrópusinnaður hægriflokkur að verða til

+ Ætlar að stokka upp landbúnað og sjávarútveg

+ Verður gríðarlega vel fjármagnaður af einstaklingum

34. ÚTGÁFA

Efnisyfirlit

10. apríl 2014 – vika 15



DANMÖRK

Ævintýraleg saga rúmfatakóngsins



EVRÓPUMÁL

Tillögur um afnám hafta og uppgjör búa hafa verið kynntar



SJÖ SPURNINGAR

Eltir dæturnar í fótbolta um helgar

Topp 5 listi yfir umdeild mál stjórnvalda

Kjarninn tekur saman lista um umdeild frumvörp og þingsályktunartillögur ríkisstjórnar.

Meirihlutinn heldur velli og Píratar með tvo menn í Reykjavík

Baldur Héðinsson, doktor í stærðfræði, hefur sett saman spálíkan sem Kjarninn nýtir til að fylgjast með fylgi flokka.

Eru kaupaukar bankamanna góðir?

Kjarnaþingið svarar spurningum um bónusgreiðslur bankamanna.

Frítt efni?

Hilmar Sigurðsson skrifar um niðurhal og tæknifyrirtæki.

kjarninn


Laugavegi 71, 101 Reykjavík
Sími 551-0708
kjarninn@kjarninn.is
www.kjarninn.is

ISSN 2298-4402

Ritstjóri: Þórður Snær Júlíusson
Framkvæmdastjórar: Gísli Jóhann Eysteinsson og Hjalti Harðarson

Kjarninn miðlar ehf.
gefa Kjarnann út.


Vodafone RED er komið til Íslands
Ótakmörkuð símtöl og SMS óháð kerfi í alla farsíma og heimasíma á Íslandi
Skiptu yfir í Vodafone RED
Vodafone
Góð samskipti bæta lífið



LEIÐARI
Magnús Halldórsson

Blekking nautaatsins

Fjármálageirinn byggir á einkavæðingu gróðans og þjóðnýtingu tapsins. Óábyrg ráðstöfun fjármuna skattgreiðenda er ólíðandi við þær aðstæður.

Ég var á Wall Street í New York í síðustu viku og horfði þar á ferðamenn láta mynda sig með nautinu víðfræga sem er helsta tákn þessa frægasta fjármálahverfis heimsins. Á þessum stað slær hjartað kapítalismans og markaðshyggjunnar, segja sumir. Síðustu árin hefur komið í ljós að þetta er tálsýn eða „blekking“ eins og Simon Johnson, fyrrverandi aðalhagfræðingur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sagði í frábæru erindi sínu á ráðstefnu í Hörpu 27. október 2011.

Þegar fjármálastofnanir voru að falla haustið 2008 komu opinberir sjóðir til bjargar, þar sem ráðamenn seðlabanka og stjórnvalda víða um heim óttuðust að bankarnir myndu soga heilu hagkerfin með sér í fallinu. Bankarnir reyndust of stórir til að falla. Þeir voru í einkaeigu á pappírunum en starfsemin á ábyrgð skattgreiðenda þegar á reyndi. Á meðan allt lék í lyndi var gróðinn af starfseminni hins vegar einkavæddur og hið gríðarlega tap þjóðnýtt. „Við höfum byggt upp

heilt fjármálakerfi sem byggir á blekkingu," sagði Johnson, sem nú er prófessor í hagfræði við MIT, í ræðu sinni í Hörpu.

Blekkingin er óumdeild staðreynd

Um þetta hafa verið skrifaðar mörg hundruð bækur á alþjóðavísu og staðan sem hér er lýst er algjörlega óumdeild. Það er að fjármálastarfsemi viðskipta- og fjárfestingarbanka hvílir á ábyrgð skattgreiðenda, óháð einkaréttarlegu eignarhaldi á pappírunum. Hún verður virk ef stjórnendur þessara fyrirtækja taka rangar ákvarðanir og starfsemin fer á versta veg. Hvatinn að baki starfseminni hefur einnig verið gerður skammtímamiðaður og áhættusækinn með illa ígrunduðum bónusgreiðslum. Fjármálaráðherrann, Bjarni Benediktsson, sá ástæðu til þess á dögunum að rýmka heimildir til bónusgreiðslna í íslenska bankakerfinu þannig að þær gætu farið úr fjórðungi af árslaunum í sem nemur einum árslaunum. Það er einkennileg ráðstöfun í ljósi þess að innlánin í bönkunum eru á ábyrgð ríkisins samkvæmt yfirlýsingum þar um. Þá er endurreisn bankakerfisins enn ekki lokið, þar sem fjármagnshöft halda því innilokuðu á Íslandi. Almenningur heldur kerfinu öllu í fanginu með innlánum sínum, bankarnir geta ekki sótt sér lán á erlenda markaði nema í algjörri mýflugumynd og ekki er útséð um það enn hvernig tekið verður á mikilli greiðslujafnaðaráhættu fjármálakerfisins.

„Hvatinn að baki starfseminni hefur einnig verið gerður skammtíma-miðaður og áhættusækinn með illa ígrunduðum bónusgreiðslum."

Ekki er aðkallandi að gera þessar breytingar, þar sem eftirspurn eftir íslenskum bankamönnum erlendis er hverfandi. Sú reynsla sem flestir íslenskir bankamenn hafa af alþjóðlegri bankastarfsemi er bundin við þrjá banka, sem eru allir á stuttum lista yfir stærstu gjaldþrot mannkynssögunnar, og samkvæmt frumgögnum frá þeim sjálfum fjármögnuðu þeir að minnsta kosti á bilinu 30 til 50 prósent af eigin hlutafé. Engin viðlíka dæmi hafa fundist, þrátt fyrir mikla leit og hefur þetta að sjálfsögðu leitt til margra ára

rannsókna. Spjótin beinast að ábyrgðarmönnum þessara fyrirtækja, sem eru nú margir hverjir að svara til saka frammi fyrir dómara. Vitaskuld er þetta ekki algilt, enda margt hæfileikafólk að störfum í bönkum með mikla alþjóðlega menntun og reynslu. En heilt á litið er það ekki samkeppnishæfni við útlönd sem skiptir máli fyrir þessar ákvarðanir um hækkun bónusgreiðslna. Alþjóðlegir bankar hafa auk þess verið að draga verulega saman seglin undanfarin misseri vegna hagræðingar.

Heimildir til þess að hækka bankabónusa fjórfalt virka í þessu ljósi ekki brýnar. Það verður þó að halda því til haga að þetta ætti ekki að koma svo mikið á óvart af hálfu fjármálaráðherra sem telur það vera ábyrga ráðstöfun fyrir fimmta skuldugasta ríkissjóð Evrópu að bjóðast til þess að gefa úr honum 80 milljarða af almannafé til hluta þjóðarinnar, algjörlega án tillits til þess hvort þörf sé á því. Aðeins óábyrgum fjármálaráðherra getur dottið slík vitleysa í hug. Bjarni hefur að vísu ekki gott orð á sér sem rekstrarmaður og ekki reynslu af velgengni á sviði viðskipta. Félagið sem hann fór fyrir sem helsti ábyrgðarmaður í stjórn, BNT og síðar EM 13, var tekið til gjaldþrotaskipta 15. janúar í fyrra og fengust engar eignir upp í 4,3 milljarða króna kröfur samkvæmt Lögbirtingarblaðinu. Ef viðlíka staða væri á ferilskrá fjármálaráðherra í mörgum öðrum ríkjum væru eðlilega uppi efasemdaraddir og alls ekki víst að frami í stjórnmálum hefði yfir höfuð verið mögulegur. Af hverju á almenningur að treysta fjármálaráðherra hjá einum skuldugasta ríkissjóði Evrópu, sem boðar aðhald með annarri hendi en gefur tugi milljarða til einstaklinga næstum handahófskennt úr honum með hinni? Þetta er sanngjörn spurning, ekki síst í ljósi fortíðarinnar úr viðskiptum.

„Ekki er aðkallandi að gera þessar breytingar, þar sem eftirspurn eftir íslenskum bankamönnum erlendis er hverfandi.“

Sporin hræða

Ísland stendur á merkilegum krossgötum þessi misserin eftir að hafa horfst í augu við blekkinguna og bjargað

bankakerfinu með opinberu inngripi og neyðarlögum sem eiga sér ekki nein fordæmi. Nýjar áskoranir bíða stjórnvalda, þar sem meginmarkmiðið ætti að vera að losa þjóðina úr ömurlegum haftabúskap. Vonandi tekst það farsællega, en öllum er ljóst að það verður erfitt og hugsanlega ómögulegt ef markmiðið er að hafa hér sjálfstæða peningastefnu með íslensku krónuna. Síðast þegar reynt var halda henni út án fjármagnshafta, frá 2001 fram í nóvember 2008, varð til mesta efnahagsbóla í sögunni, sem síðan sprakk með látum og höft voru sett til að hindra enn verri afleiðingar. Þessi spor hræða.

Því miður er erfitt að ímynda sér þá stöðu að hin opinbera ábyrgð á fjármálafyrirtækjum falli niður. Hugmyndin um seðlabanka sem banka bankanna og þrautavaralán til banka í vanda á sér það djúpstæðar rætur í fjármálakerfum heimsins. Vonandi mun einhvern tímann finnast á þessu lausn sem leiðir til ábyrgari hegðunar bankamanna og betra fjármálakerfis. Atburðirnir hrikalegu á síðustu árum á alþjóðamörkuðum hafa sem betur fer vakið fólk til umhugsunar um hvort blekkingin um einkavæðingu gróðans og þjóðnýtingu tapsins á fjármálamörkuðum sé siðferðilega verjandi tilverugrundvöllur fyrir bankastarfsemi.

Hættulegt nautaat

Stjórnmálamenn verða að ganga á undan öðrum stéttum og sýna ábyrgð í orði og athöfnum þegar kemur að ríkisfjármálunum og fjármálakerfinu. Nautaatið á Wall Street, þar sem stjórnmálamenn hafa mátt sín lítils gegn ótemju bankageirans, sýnir að almannahagsmunir þurfa að ráða för, fremur en sérhagsmunir bankamanna eða annarra sem vilja fá ríkissjóð til að bjarga sér úr vandræðum. Komandi kynslóðir eiga heimtingu á því að stjórnmálamenn hugsi um þær og bruðli ekki með fé eða hvetji til óábyrgrar hegðunar í skjóli blekkingarinnar.

Eirberg



BAUERFEIND®



Viðurkenndar stuðningshlífar

- Virkur stuðningur
- Vandaður vefnaður
- Góð öndun
- Einstök hönnun
- Fjölbreytt úrval

Fagleg ráðgjöf sjúkraþjálfara.
Tímapantanir

Eirberg ehf. Stórhöfða 25 • eirberg.is



Nýr Sjálfstæðis-flokkur í mótun

Nýr Evrópusinnaður hægriflokkur ætlar að ráðast til atlögu við landbúnaðar- og sjávarútvegskerfin. Verður gríðarlega vel fjármagnaður.

Þórður Snær Júlíusson
@thordursnaer

Nýtt frjálslynt, alþjóðasinnað stjórnmálaafl, sem staðsetur sig hægra megin við miðju, er í hraðri mótun. Um þessar mundir vinnur hópur fólks að því að undirbúa farveginn og í gær lauk fyrstu könnun Capacent á því hvert mögulegt fylgi slíks afls gæti orðið. Samkvæmt upplýsingum Kjarnans stendur til að birta niðurstöður þeirrar könnunar í dag. Framboðið, sem hefur ekki fengið nafn en hefur hjá hluta hópsins vinnuheitið „Nýi Sjálfstæðisflokkurinn“, ætlar sér ekki að verða eins stefnumáls vettvangur, þrátt fyrir að það sé að myndast í kringum andstöðu við slit á viðræðum við Evrópusambandið. Þvert á móti er lögð áhersla á að bjóða upp á stóran stefnumálapakka og breiða fylkingu fólks af fólki af báðum kynjum úr ýmsum stéttum þegar af framboði verður. Og það verður af framboði, það virðist ljóst.

„Lögð er áhersla á að bjóða upp á stóran stefnumálapakka og breiða fylkingu fólks af fólki af báðum kynjum úr ýmsum stéttum þegar af framboði verður. Og það verður af framboði, það virðist ljóst.“

Fjársterkur hópur

Hópurinn sem stendur að baki þessum hugmyndum er mjög fjársterkur. Hluti hans hefur styrkt Sjálfstæðisflokkinn myndarlega undanfarin ár og áratugi. Þeim styrkveitingum er nú að mestu lokið. Viðmælendur Kjarnans segja að verið sé að undirbúa tvenns konar ferla að framboði, enda skipti tímasetning öllu. Fyrri ferillinn, „Plan A“, miðar við að kosningar verði eftir að kjörtímabilinu lýkur, eftir þrjú ár. Sá síðari, „Plan B“, miðar við að hægt verði að setja saman og manna framboð á nokkrum vikum ef pólitíski veruleikinn verði sitjandi ríkisstjórn ofviða. Þar er meðal annars horft til þess hvernig stjórnarflokkarnir, Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur, muni bregðast við niðurstöðu sveitarstjórnarkosninganna í maí. Fylgi flokkanna mælist sögulega mjög lágt, sérstaklega í Reykjavík. Sveitarstjórnarmenn kenna landsmálunum að einhverju leyti um þá stöðu.

KANNAST EKKI VIÐ AÐ HAFA FRAMKVÆMT „ÞORSTEINS-KÖNNUNINA“

Í byrjun apríl var greint frá niðurstöðu könnunar MMR um mögulegan stuðning nýs framboðs hægrimanna, sem nyti stuðnings Þorsteins Pálssonar, fyrrverandi formanns Sjálfstæðisflokksins. Af þeim sem tóku afstöðu sagði 38,1 prósent að til greina kæmi að kjósa slíkt framboð en 61,9 prósent að það kæmi ekki til greina.

Þeir aðilar sem standa að myndun nýs framboðs á hægrivængnum kannast ekki við að hafa staðið að þessari könnun. Einn viðmælandi Kjarnans sagðist telja að „harðlínuöfl“ innan Sjálfstæðisflokksins stæðu að henni til að skapa bil milli Þorsteins og flokksins.

Niðurstaðan gefur skýrt til kynna að möguleikar á nýju hægrisinnuðu framboði eru þó svo sannarlega til staðar. Það myndi líkast til keppa við Sjálfstæðisflokkinn, Bjarta framtíð Samfylkinguna um fylgi.

Byrjaði með þingsályktunartillögu

Það hefur líkast til farið framhjá fæstum að undirbúningur nýs hægrisinnaðs framboðs stendur yfir. Evrópusinnaðir sjálfstæðismenn hafa enda farið mikinn í þjóðfélagsumræðunni undanfarnar vikur um hversu illa þeir telja gamla flokkinn sig hafa svikið sig með því að standa með þingsályktunartillögu Gunnars Braga Sveinssonar utanríkisráðherra um að draga umsókn Íslands að Evrópusambandinu til baka. Tillagan var lögð fram föstudaginn 21. febrúar síðastliðinn og virtist hafa verið vel undirbúin af hálfu Framsóknarflokksins. Henni fylgdi meðal annars ítarlegur rökstuðningur. Heimildir Kjarnans innan úr þingflokki Sjálfstæðisflokksins herma að þingmönnum hans hafi hins vegar ekki verið kynnt innihald tillögunnar fyrr en sama dag og hún var lögð fram. Það þykir til merkis um að flokkurinn hafi beygt sig fyrir hörðum vilja Framsóknarflokksins um að slíta viðræðunum sem fyrst.

Áhrifamaður
Helgi Magnússon, fjárfestir og áhrifamaður innan lífeyrissjóðakerfisins, er einn þeirra sem tengjast vinnu við nýtt framboð.



Þessi dagur, föstudagurinn 21. febrúar, gæti hins vegar markað ákveðin söguleg tímamót í íslenskri stjórnmálasögu ef fer fram sem horfir. Í kjölfar hans klauf nefnilega hópur af alþjóðasinnuðum sjálfstæðismönnum sig mjög opinberlega frá flokknum sínum. Á meðal þeirra sem tilheyra þeim hópi má nefna fyrrverandi flokksformanninn Þorstein Pálsson, Benedikt Jóhannesson, lífeyrissjóðaáhrifamanninn Helga Magnússon, Þórð Magnússon fjárfesti, Vilhjálm Egilsson rektor, Ólaf

Stephensen ritstjóra og fyrrverandi borgarfulltrúann Svein Andra Sveinsson, svo fáeinir séu nefndir. Þess utan gagnrýndi varaformaðurinn fyrrverandi Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir stefnu flokksins harðlega og sagði að hún vildi ekki að „harðlínan tæki yfir“. „Við viljum ekki að svartstakkarnir í flokknum eigi flokkinn meira en ég og þú,“ sagði Þorgerður Katrín í Sunnudagsmorgni á RÚV í byrjun mars.



Spurt og svarað
Benedikt Jóhannesson spurði sjálfan sig um nýtt framboð í ræðu á Austurvelli um síðustu helgi. Hann svaraði sjálfum sér því að stofnun nýs stjórnmálaflokks kæmi vel til greina.

Hröð þróun

Síðan tillagan var lögð fram hafa hlutirnir gerst hratt. Samstöðufundir hafa verið haldnir hvern laugardag á Austurvelli til að sýna andstöðu gegn því að aðildarumsókn að Evrópusambandinu verði dregin til baka. Hópur fjársterkra áhrifamanna í íslensku viðskiptalífi og víðar að hefur hist reglulega til að ræða möguleikann á nýju framboði og annar hópur stofnaði lokaðan hóp á Facebook undir nafninu „Nýi Sjálfstæðisflokkurinn“.

Kjarninn greindi frá því í síðustu viku að hluthafar og stjórnendur stórra alþjóðlegra útflutningsfyrirtækja væru að skoða það mjög gaumgæfilega að flytja höfuðstöðvar sínar frá Íslandi. Þetta eru fyrirtæki á borð við Össur, Marel og CCP. Þar skipta lok Evrópusambandsviðræðnanna töluverðu máli og virka sem vatn á myllu þeirra fjárfesta innan hluthafahópanna sem vilja fara með fyrirtækin annað.

Fjórskipt vinna

Sú vinna sem nú stendur yfir varðandi mótun nýs framboðs er fjórskipt, samkvæmt upplýsingum Kjarnans. Í fyrsta lagi snýst hún um að móta stefnu þess og manna framboðið. Þar er lögð áhersla á að hinn nýi flokkur verði ekki eins stefnumáls flokkur utan um aðild að Evrópusambandinu, þótt mjög skýr utanríkisstefna sem taki mið af nánu samstarfi við vestrænar þjóðir verði fyrirferðarmikil. Mikill vilji er til þess að gera það að einu af aðalstefnumálum flokksins að skera upp

íslenska landbúnaðarkerfið og lækka opinbera niðurgreiðslu þess og verndartolla umtalsvert. Þá er stefnt að því að vera með skýra stefnu í sjávarútvegsmálum sem mun snúast um að útgerðarfyrirtæki greiði meira fyrir afnot af auðlindinni en þau gera nú. Einnig er stefnt að því að ná í fólk til að fara í framboð af báðum kynjum, á mismunandi aldri og úr mörgum stéttum. Er þar sérstakæega horft til fólks úr heilbrigðis- og menntastéttum, frumkvöðla og stjórnenda úr atvinnulífinu.

Í öðru lagi er lögð mikil áhersla á að skipulag framboðsins verði með besta móti. Tímasetning þess að ráðist verði í það er talin skipta öllu máli til að hægt verði að nýta mögulegan meðbyr sem best. Í þriðja lagi er unnið að því sem kallast áróðurs- og fræðslumál. Undir þann lið fellur að koma boðskap hins nýja framboðs á framfæri, meðal annars í fjölmiðlum.

Fjórði þátturinn, og einn sá mikilvægasti, er síðan fjármál. Framboðið á að vera gríðarlega vel fjármagnað frá byrjun. Það ætti ekki að vera vandkvæðum bundið þar sem margir mjög fjársterkir aðilar hafa þegar tengt sig við það. Samkvæmt heimildum Kjarnans verður lögð áhersla á að einstaklingar greiði fyrir tilvist framboðsins úr eigin vasa. Einn viðmælanda Kjarnans sagði að þar sé „ekki verið að biðja um hundraðþúsundkalla, heldur milljónir“.

FYLGJAST ÁHUGASÖM MEÐ SVEITARSTJÓRNARKOSNINGUNUM

Sveitarstjórnarkosningar fara fram 31. maí næstkomandi. Miðað við kannanir virðast stjórnarflokkarnir ekki munu ríða feitum hesti frá þeim kosningum, sérstaklega ekki í Reykjavík. Þar hefur Framsóknarflokkurinn mælst verst með tveggja prósenta fylgi og Sjálfstæðisflokkurinn með undir fjórðungsfylgi. Ef það yrði niðurstaðan væri um verstu útreið beggja flokkanna að ræða frá upphafi í Reykjavík. Sjálfstæðisflokkurinn er reyndar með nokkur sterk höfuðvígi en hluti þess hóps sem nú hyggst kljúfa sig frá flokknum hefur verið mikilvægur í að fjármagna baráttu hans í þeim á undanförnum árum. Það á til að mynda við um Seltjarnarnes og Garðabæ. Því fjármagni verður nú beint annað.

Hópurinn sem stendur að hinu nýja framboði hefur engan hug á því að bjóða fram í sveitarstjórnarkosningunum. Hann fylgist hins vegar spenntur með niðurstöðu þeirra því hann telur að slæleg niðurstaða stjórnarflokkanna þar muni geta aukið þrýsting á að alþingiskosningar yrðu fyrr en ella. Þá þyrfti hópurinn að hrinda af stað „plani B“ og vera tilbúinn með framboð innan nokkurra vikna.



GERÐU ÞAÐ SEM ÞÚ GERIR VANALEGA SÍMINN ÞINN SAFNAR PENINGUM Á MEÐAN

GOMOBILE ER NÝTT INNEIGNARKERFI SEM VEITIR ÖLLUM KREDITKORTHÖFUM AFSLÁTT Á ÓTRÚLEGUSTU STÖÐUM.

AFSLÁTTURINN VERÐUR AÐ INNEIGN SEM ALLIR GETA NÝTT TIL AÐ VERSLA SKEMMTILEGA HLUTI Í GOMOBILE APPINU.

VIÐSKIPTAVINIR SÍMANS GETA JAFNFRAMT NÝTT INNEIGNINA TIL AÐ GREIÐA INNÁ SÍMREIKNINGINN, SPOTIFY ÁSKRIFTINA EÐA SJÓNVARP SÍMANS.

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á **GOMOBILE.IS**

Síminn

GOmobile

Himinn og haf milli skýrslna

Skýrslur frá tveimur stofnunum Háskóla Íslands gefa gjörólíka mynd af stöðu aðildarviðræðna við Evrópusambandið.



EVRÓPUMÁL
Magnús Halldórsson
@maggihalld

Í skýrslu Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands um aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu og aðildarferlið til þessa kemur fram að samninganefnd Íslands hafði þegar náð fram margvíslegum undanþágum og sérlausnum í mörgum málum. Í skýrslunni segir enn fremur að mögulegt hafi verið að semja um að íslenska sérhagsmuni í sjávarútvegsmálum, meðal annars það að ekki þurfi sérstaka undanþágu til þess halda veiðum í íslenskri lögsögu á hendi íslenskra stjórnvalda. Hins vegar sé hægt, með einföldum meirihluta aðildarríkja, að breyta þeirri stöðu. Kolbeinn Árnason, sem átti sæti í samninganefnd Íslands og er nú framkvæmdastjóri LÍÚ, staðfesti þennan skilning í viðtali við RÚV í gær en sagði að það hefði verið mat samninganefndarinnar að of mikil áhætta hefði verið í því fólgin að hægt væri að breyta stöðu mála með einföldum meirihluta. Því hefði sú staða verið metin óviðunandi og of áhættumikil.

> „Í reynd er himinn og haf á milli túlkunar skýrsluhöfunda hjá þessum stofnunum Háskóla Íslands, sem sýnir vel hve rökræðan um þessi álitaefni er lifandi og dýnamísk, ekki síst innan háskólasamfélagsins.“

Í skýrslunni kveður við annan tón en í skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, þar sem meðal annars segir að verulega litlar líkur séu á því að Ísland geti fengið undanþágur frá grunnregluverki ESB. Í reynd er himinn og haf á milli túlkunar skýrsluhöfunda hjá þessum stofnunum Háskóla Íslands, sem sýnir vel hve rökræðan um þessi álitaefni er lifandi og dýnamísk, ekki síst innan háskólasamfélagsins. Pólitískt er staðan augljóslega snúin og er á það bent í skýrslu Alþjóðastofnunar að deilur innan raða stjórnarflokkanna hafi grafið undan aðildarferlinu og seinkað því, ekki síst málaefnavinnu á sviði landbúnaðarmála.

Sjálfstæð heimildavinna

Skýrsla Alþjóðastofnunar er unnin með sjálfstæðri heimildavinnu eingöngu, þar á meðal er vitnað til heimildarmanna innan stofnana Evrópusambandsins í Brussel án þess að nafn þeirra komi fram. Þetta er einkum gert þegar

skýrsluhöfundar eru að leggja mat á það hvernig mögulegt væri fyrir Ísland að ná fram niðurstöðu í aðildarviðræðum og hvar mögulega væru núningspunktar gagnvart Evrópusambandinu í viðræðum. Í skýrslunni segir að viðræðurnar hafi gengi hratt og vel þar til pólitísk ákvörðun var tekin um að hægja á þeim í fyrra, í aðdraganda kosninga. Það hafi falið í sér óljós skilaboð til ESB og verið hamlandi fyrir viðræðurnar, sem nú eru í uppnámi þar sem Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra hefur lagt fram þingsályktunartillögu þess efnis að aðildarumsóknin verði formlega dregin til baka.

Opið ferli

Af 33 málefnaköflum sem semja þarf um í aðildarviðræðunum hafa nú þegar 27 verið opnaðir og samningsafstaða Íslands lögð fram í 29 köflum. Ellefu köflum var strax lokað með niðurstöðu en 16 kaflar voru enn opnir. Þá átti eftir að opna sex kafla þegar hlé var gert á viðræðum, Þá átti enn eftir að opna sex kafla, sem fjalla um sjávarútveg, landbúnað og dreifbýlisþróun, matvælaöryggi og dýra- og plöntuheilbrigði, staðfesturétt og þjónustufrelsi, frjálsa fjármagnsflutninga og dóms- og innanríkismál, þegar hlé var gert á viðræðum.



Með alla þræði í hendi sér Bjarni Benediktsson efnahags- og fjármálaráðherra og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra einblína nú á afnám hafta og uppgjör þrotabúa föllnu bankanna.

Í skýrslunni segir að 20 ára aðild að EES svæðinu hafi hraðað annars tímafreku ferli þar sem farið er yfir löggjöf aðildarríkisins og hún greind og eftir atvikum löguð að lögum og reglum ESB. Að miklu leyti er þessari vinnu lokið, að því er segir í skýrslunni, og því hefur aðildarferlið að miklu leyti snúist um hörð efnisatriði og hagsmunamálin beint næstum frá fyrsta degi.

Ráðamenn fengið kynningu á tillögum

Eitt af því sem skýrslur Alþjóðastofnunar og Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands fjalla um er fjármagnshöftin og staða Íslands út frá utanríkis- og viðskiptapólitískum forsendum í ljósi þeirra.

Þung greiðslubyrði

Greiðslujafnaðarvandi Íslands, það er þung greiðslubyrði erlendra skulda þjóðarbúsins á næstu árum, tengist þessu vandamáli beint, enda erlendir lánamarkaðir erlendis svo gott sem lokaðir fyrir íslenskum aðilum ennþá.

Í Fjármálastöðugleika, riti Seðlabanka Íslands, sem kynnt var í gær kemur fram að greiðslujafnaðarvandi landsins sé enn alvarlegur og ljóst að viðskiptajöfnuður landsins dugar að óbreyttu ekki til þess að framleiða nægilega mikið af gjaldeyri til þess að mæta greiðslum. Í fyrra mældist undirliggjandi viðskiptajöfnuður þjóðarbúsins 82 milljarðar króna, eða sem nemur 4,6 prósentum. Þetta er mesti viðskiptajöfnuður frá árinu 2010, og skýrist meðal annars af öflugri ferðaþjónustu. Þrátt fyrir þetta eru blikur á lofti, meðal annars vegna óvissu um hvernig unnið verður úr eignum þrotabúa föllnu bankanna. Samkvæmt Fjármálastöðugleika er uppfært mat á krónueign föllnu bankanna nú 497 milljarðar króna, og hefur farið hækkandi undanfarin misseri.

Samkvæmt heimildum Kjarnans hefur lítill hópur ráðamanna landsins fengið kynningu frá sérfræðingahópi stjórnvalda um afnám hafta á mögulegum leiðum út úr vandanum. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra, Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra og Már Guðmundsson seðlabankastjóri eru þar á meðal og hafa þeir allir fengið kynningu á skýrslu hópsins og vinnu hans. Þá átti hópurinn fund með slitastjórn Glitnis síðastliðinn föstudag, þar sem skipst var á upplýsingum og málin rædd án þess að skýrt hafi komið fram hvaða leiðir yrðu ræddar.

Ekki nauðasamningsleið

Samkvæmt heimildum Kjarnans hefur hópurinn talað fyrir því að farin verði gjaldþrotaleið með búin fremur en nauðasamningsleið, það er að búin greiði



út í krónum og að búunum verði slitið. Endanleg útfærsla verður þó í höndum ráðamanna þjóðarinnar, stjórnvalda og seðlabankans, og að einhverju leyti háð ytri efnahagslegum aðstæðum. Eitt af því sem horfa þarf til í þessum efnum er framtíðarskipan fjármálakerfisins, það er að stefna um eignarhald á endurreistu bönkunum þremur, Arion banka, Íslandsbanka og Landsbankanum, þarf að liggja fyrir þegar á endanum verður ráðist í aðgerðir.

Útfærslan þarf að samræmast íslenskum rétti og hefur hópurinn horft til þess að ekki þurfi að koma til sérstakra lagabreytinga vegna þessa, þar sem slíkt gæti styrkt málstað kröfuhafa sem fastlega er búist við að muni bregðast við af hörku ef þessi leið verður farin, þar sem leiðin myndi þýða verulega rýrnun á eignum fyrir kröfuhafa og gera þeim erfiðara um vik að komast með eignir í erlendri mynt frá landinu.

Í sérfræðingahópnum, sem hefur lokið störfum, eiga sæti Sigurbjörn Þorkelsson, Jón Helgi Egilsson, Ragnar Árnason, Reimar Pétursson, Jón Birgir Jónsson og Eiríkur Svavarsson.

Pólitískur samráðshópur um afnám hafta hefur ekki enn fengið kynningu á vinnu sérfræðingahópsins. Þingmenn sem eiga sæti í hópnum hafa skrifað undir eið þess efnis að þeir láti ekki upplýsingar til þriðja aðila um mál sem snúa að afnámi hafta.

Peningamálin og höft

Í skýrslu Alþjóðamálastofnunar segir staða peningamála sé snúin sökum hafta og samkvæmt heimildarmönnum þeirra sem vinna skýrsluna eru litlar líkur á að ákvarðanir um stuðning ESB og Evrópska seðlabankans við afnám fjármagnshafta liggi fyrir fyrr en alveg í lok aðildarviðræðna. Er þetta meðal annars stutt með tilvitnunum í samtöl við embættismenn í Brussel. Ekki er nákvæmlega vitnað til þess hvernig stuðningurinn við afnám hafta getur verið en tekið er fram að öll skref í átt að afnámi yrðu tekin með stuðningi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Skýrsluna unnu átta sérfræðingar Háskóla Íslands á sviði lögfræði, hagfræði og alþjóðastjórnamála: Ásgeir Jónsson hagfræðingur, Bjarni Már Magnússon lögfræðingur, Daði Már Kristófersson hagfræðingur, Jón Gunnar Ólafsson alþjóðastjórnmálafræðingur, Jóna Sólveig Elínardóttir alþjóðastjórnmálafræðingur, Pia Hansson alþjóðastjórnmálafræðingur, Tómas Joensen Evrópufræðingur, og Vilborg Ása Guðjónsdóttir alþjóðastjórnmálafræðingur.


Horfa á auglýsinguna
Do it!
Það er gott hjá þér að hugsa fram í tímann fyrir þá sem treysta á þig
VÍS



TOPP 5 Umdeildustu frumvörp og þingsályktunartillögur ríkisstjórnarinnar

Ítrekað reynt að sundra þjóðinni

Ríkisstjórnir fá umboð til að hrinda stefnumálum sínum í framkvæmd eftir að kosningum er lokið. Þeim er einnig falið að koma fram fyrir hönd þjóðar og taka aðrar ákvarðanir sem kannski voru ekki fyrirséðar þegar talið var upp úr kjörkössunum. En oft á tíðum snúast verk ríkisstjórna mun meira um að hrinda málum í framkvæmd sem lítið eða ekkert var rætt um í aðdraganda kosninga. Og þau mál sem sannarlega var rætt um í baráttunni verða útvötnuð þegar þau loks rata á framkvæmdastig. Kjarninn tók saman þau fimm frumvörp sitjandi ríkisstjórnar sem hafa valdið mestum deilum.

5 Náttúruverndarlög felld úr gildi


Rétt fyrir þinglok vorið 2013 voru samþykkt ný náttúruverndarlög og áttu þau að taka gildi 1. apríl 2014. Sigurður Ingi Jóhannsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, tilkynnti í september sama ár að hann hygðist afturkalla lögin og leggja fram nýtt frumvarp síðar, meðal annars eftir að hafa samráð við hagsmunaaðila. Þetta olli miklum deilum og á endanum náðist sátt í umhverfis- og samgöngunefnd um að ganga frá nefndaráliti þar sem gildistöku laganna var frestað til 1. júlí 2015 í stað þess að þau yrðu felld úr gildi. Þessi sögulega sátt reyndist þó ekki nóg til að friða marga umhverfisverndarsinna og í mars síðastliðnum hlóðu hin heimsfrægu Björk, Patti Smith og leikstjórinn Darren Aronofsky í vitundarvakningar- og fjáröflunartónleika í Hörpu ásamt fjölda annarra íslenskra listamanna vegna málsins. Ein krafa hópsins var að lögin tækju gildi 1. apríl. Við henni var ekki orðið.





4 Skuldaniðurfellingar heimilanna

Framsóknarflokkurinn lofaði heimilunum í landinu stórfelldum niðurfellingum á húsnæðislánum ef þau kysu flokkinn til valda, sem tæplega fjórðungur þjóðarinnar gerði. Óljóst er hversu miklum peningum var heitið í þetta verkefni. Margir kjósendur telja að það hafi verið á bilinu 200-300 milljarðar króna en þegar umfang niðurfellinganna var kynnt í nóvember kom í ljós að þær yrðu „aðeins“ 80 milljarðar króna. Auk þess mætti fólk nota séreignarsparnaðinn sinn í að borga niður lán í afmarkaðan tíma. Ef 92 prósent allra sem eiga rétt á að nýta sér þennan kost gera það kostar það um 150 milljarða króna. Heildarumfang aðgerðanna liggur hins vegar ekki fyrir. Frumvörpin hafa verið vægast sagt umdeild og ríkir lítil sátt í samfélaginu um aðgerðirnar sem þau heimila. Í könnun sem MMR gerði í byrjun apríl kom til að mynda í ljós að 65,5 prósent landsmanna teldu að lækkunin myndi hafa engin eða neikvæð áhrif á íslenskt efnahagslíf.



3 Breytingar á veiðigjöldum

Innan við mánuði eftir að stefnuyfirlýsing sitjandi ríkisstjórnar var kynnt í fyrravor ákvað Sigurður Ingi Jóhannsson sjávarútvegsráðherra að leggja fram frumvarp um breytingar á veiðigjandi á útgerðir landsins. Í því fólst að gjaldið var lækkað til eins árs en til stendur að breyta því til frambúðar. Málið var eitt það fyrsta sem ríkisstjórnin lagði fram eftir að hún tók við völdum í landinu. Starfshópur var skipaður í kjölfarið og á hann að skila tillögum að breytingum sem leggja á fram sem frumvarp. Það þarf að gerast áður en nýtt fiskveiðiár hefst 1. september næstkomandi. Morgunblaðið hefur greint frá því að verið sé að skoða „verulegar breytingar á útfærslu veiðigjalda“. Nýja frumvarpið var ekki komið fram þegar Kjarninn var stafrænt birtur.



2 Umsókn um aðild dregin til baka

Í byrjun febrúar sigldi ríkisstjórnin nokkuð lygnan sjó. Fólk var farið að gleyma veiðigjaldabíóinu og of fáir nenntu að vera með vesen út af náttúruverndarlögunum. Hinn 18. febrúar lagði Hagfræðistofnun Háskóla Íslands fram skýrslu um stöðu aðildarviðræðna Íslands við Evrópusambandið. Skýrslan þótti fín en ekkert í henni var þess eðlis að hún krefðist drastískra aðgerða sem engan tíma mætti missa við að hrinda í framkvæmd. Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra leit öðruvísi á málið. Þremur dögum síðar lagði hann fram þingsályktunartillögu um að draga umsóknina til baka, sem var svo ótrúlega orðuð að hún er nánast fordæmalaus. Síðan þetta gerðist hafa rúmlega 53 þúsund manns, 22,1 prósent kosningabærra manna á Íslandi, skrifað undir áskorun á Alþingi um að leggja þingsályktunartillöguna til hliðar og boða til þjóðaratkvæðagreiðslu um áframhald viðræðna. Samstöðufundir hafa verið haldnir á Austurvelli hvern einasta laugardag vikum saman og gríðarlega hratt hefur gengið á pólitíska inneign nýju ríkisstjórnarinnar. Hún mælist nú óvinsælli en sú síðasta. Það átti varla að vera hægt.



1 Heimild til að borga bankabónusa hækkuð margfalt

Eftir gríðarlega ágjöf á ríkisstjórnina út af ýmsum stórum málum, og mikla umræðu um þann litla tíma sem eftir væri af þinginu til að afgreiða ótrúlega mörg mál, fannst Bjarna Benediktssyni góð hugmynd að leggja fram nýtt stjórnarfrumvarp þar sem opnað er á fjórföldun á kaupaukum starfsmanna fjármálafyrirtækja. Auk þess felur frumvarpið í sér að heimilt verður að borga fleirum innan bankanna, meðal annars regluvörðum, kaupauka, eða bónusa eins og þeir eru oft kallaðir. Á sama tíma og kennaraverkföll voru annaðhvort óleyst eða yfirvofandi, almennir kjarasamningar voru gerðir um 2,8 prósenta launahækkanir og samfélagið skíðlogar í deilum um nánast allt milli himins og jarðar fannst fjármálaráðherra forgangsatriði að leggja fram þetta frumvarp.

Fyrir hugsandi fólk

Þú færð fermingargjöfina í Macland Laugavegi 17



Apple TV
verð 15.990 kr.-



MacBook Pro
verð frá 199.990 kr.-

Vaxtalaus kortalán til allt að 12 mánaða.



iPhone 5s
verð frá 109.900 kr.-



iPhone 5c
verð frá 89.900 kr.-



iPad
verð frá 49.990 kr.-

Laugavegur 17 | Sími: 580 7500 | verslun@macland.is | **macland.is**

macland



Ævintýrið um rúmfatakónginn

Lars Larsen opnaði litla verslun með rúmfatnað í Árósum á Jótlandi árið 1979. Nú, þrjátíu og fimm árum síðar, er hann orðinn þriðji ríkasti maður Danmerkur.

DANMÖRK
Borgþór Arngrímsson

Þegar ungur Dani opnaði litla verslun með rúmfatnað í Árósum á Jótlandi vorið 1979 hefur sjálfsagt engum, allra síst honum sjálfum, dottið í hug að 35 árum síðar yrði hann þriðji ríkasti maður Danmerkur. Og jafnframt númer 363 á lista bandaríska viðskiptatímaritsins Forbes. Danir kalla þennan mann Dyne-Larsen.

Lars Larsen, Dyne Larsen eða Rúmfata-Larsen, skaust í heiminn, eins og hann orðar það sjálfur, 6. ágúst 1948 kl. 13.08. Yngstur fjögurra systkina sem fæddust á fimm árum. Sá skuggi hvíldi þó yfir þessari fjölgun í fjölskyldunni að heimilisfaðirinn, Lars Kristinus Larsen, lést áður en drengurinn fæddist, aðeins 55 ára gamall, og móðirin, Signe Vera Kirstine Hansen, ákvað að sá stutti skyldi bera nafn föðurins og hann var því skírður Lars Kristinus. Þegar þau Lars eldri og Signe kynntust var hann kominn undir fimmtugt en hún tíu árum yngri. Þau voru bæði af fátæku fólki komin en tókst að kaupa jörð við þorpið Arnborg á Mið-Jótlandi og lifðu fyrst og fremst af kartöflurækt. Lars eldri tók talsverðan þátt í félagsmálum, sat í safnaðarnefnd og í stjórn sjúkrasamlagsins á svæðinu. Signe var mjög trúuð og hafði starfað með Hjálpræðishernum áður en hún giftist.

> „Þeir hefðu þó getað sparað sér hláturinn því textann sem Lars fór með, „Go´daw, jeg hedder Lars Larsen, jeg har et godt tilbud“, hitti algjörlega í mark og bæði verslanirnar og manninn þekkir hvert einasta danskt mannsbarn.“

Ætlaði sér ekki að verða bóndi

Fráfall húsbóndans var reiðarslag fyrir fjölskylduna. Ekkjan reyndi að halda búskapnum áfram en neyddist fljótlega til að selja jörðina. Hún keypti minni jörð og reyndi líka fyrir sér í hótelrekstri en hún var heilsuveil og eftir skamman tíma var hótelið selt. Signe keypti þá litla sælgætisverslun í Hurup á Norður-Jótlandi. Lars segist fá vatn í munninn þegar hann minnist sælgætisins en sér, og öðrum, hafi snemma orðið ljóst að bóndi yrði hann ekki.

Skólagangan hófst 5. ágúst 1956, þá var Lars sjö ára en daginn eftir varð hann átta ára. Hann segir í ævisögu sinni að vegna reglna um að börn skyldu byrja í skóla þegar þau væru sjö ára, miðað við fæðingardag en ekki fæðingarár, hafi hann verið elstur í bekknum og það hafi oft komið sér vel.

Framan af gekk sælgætisverslunin prýðilega en síðan tók að halla undan fæti. Signe var illa haldin af gigt og auk þess sótti á hana þunglyndi sem ágerðist hratt. Lars segir í ævisögu sinni að þegar hann var 12 ára hafi móðir hans verið orðin óvinnufær og dvalist langtímum saman á sjúkrahúsum. Börnin bjuggu þó áfram í litla húsinu sem móðir hans hafði keypt, þau stunduðu ýmiss konar íhlaupavinnu til að afla tekna. Eldri systkinin hættu í skólanum þegar skyldunáminu lauk, eftir sjöunda bekk, en fyrir hvatningu skólastjórans hélt Lars áfram og lauk gagnfræðaprófi árið 1966. Hann hafði mikinn áhuga á að verða kennari en eldri bróðirinn Hans sagði að það væri ekki rétta starfið, hann ætti að verða kaupmaður. Lars fékk starf sem lærlingur í versluninni Magasin H&L í Thisted, þar voru seldar sængur og koddar, dýnur, gardínur, kjólaefni og margt fleira. Á þessum tíma kynntist hann hjúkrunarfræðinemanum Kristine Brunsborg, sem varð eiginkona hans.

Sá hlær best sem síðast hlær
Lars Larsen var harður á því að gæs yrði að finna í vörumerki fyrirtækisins, sem mörgum þótti aðhlátursefni. Merkið er nú metið á milljarða danskra króna.

Duglegur og útsjónarsamur starfsmaður

Árin hjá H&L voru lærdómsrík og Lars vakti athygli yfirmanna sinna fyrir dugnað og útsjónarsemi. Einu sinni gerðist það að Lars var sendur til að líta á rúmdýnur hjá nokkrum framleiðendum, en þar sá hann meðal annars nokkrar dýnur sem höfðu orðið fyrir lítilsháttar hnjaski þegar flutningabíll valt. Lars keypti dýnurnar og margt fleira á mjög lágu verði. Svo mikið reyndar að það hefði dugað til að fylla verslunina hjá H&L tíu sinnum. Svo var auglýst að vörur sem sumar væru eilítið útlitsgallaðar yrðu seldar í versluninni föstudag og laugardag. Þegar starfsfólkið mætti til vinnu á föstudeginum var löng röð fyrir utan búðina og allt seldist upp á

þessum tveim dögum. Þarna, sagði Lars, fékk hann kannski hugmyndina að JYSK. Nokkru síðar sagði Lars upp starfinu hjá H&L og þau Kristine, sem ætíð er kölluð Kris, fluttu til Álaborgar. Hún hafði fengið starf á sjúkrahúsi og Lars fékk vinnu í verslun sem seldi gardínur og gluggatjöld. Árið 1974 fékk hann vinnu hjá annarri verslun sem seldi rúm, rúmfatnað, gardínur og áklæði.

Eigin herra – JYSK verður til

Árið 1979 ákvað Lars Larsen að nú væri komið að honum sjálfum að ráða ferðinni. Í samvinnu við tvo félaga sína ákvað hann að opna verslun í Árósum. Þeir tóku á leigu 500 fermetra skemmu við Silkeborgvej, svolítið fyrir utan miðbæinn. Húsnæðið var ódýrara en við aðalverslunargötur bæjarins og þarna voru næg bílastæði. Þeir félagar ákváðu að verslunin skyldi heita Jysk sengetøjslager. Þeir voru jú allir frá Jótlandi og seinna orðið í nafninu lýsti vörunum en endingin -lager gaf jafnframt til kynna að þetta væri öðruvísi verslun. Nokkrar auglýsingastofur sem þeir leituðu til sögðu að nafnið væri allt of langt og þegar þeir félagar sögðu að þeir vildu hafa gæs og eitthvað sem táknaði rúm sem einkennistákn (logo) verslunarinnar sögðu auglýsingastofurnar nei takk. Ein lítil stofa tók verkefnið að lokum að sér og gerði eins og Lars og félagar vildu, hannaði merkið og jafnframt auglýsingar, sem voru í senn einfaldar og lýsandi.



Gímald á Jótlandi
Vöruhús JYSK í Uldum á Jótlandi er talið hið stærsta í Norður-Evrópu. Húsið, sem er um 64.000 fermetrar að stærð, var tekið í notkun árið 2008.

Hinn 2. apríl 1979 klukkan 8 um morguninn var verslunin við Silkeborgvej opnuð, en þá biðu á annað hundrað manns við dyrnar og nánast allt seldist upp á fyrsta degi. „Við höfðum gert eitthvað rétt," sagði Lars síðar í viðtali.

Hálfum mánuði síðar var verslun númer tvö opnuð, í Hadsund á Jótlandi. Nokkrum dögum síðar var svo opnuð verslun í Álaborg og í dag eru verslanir JYSK í Danmörku 95 talsins.

Góðan dag! Ég heiti Lars Larsen og er með gott tilboð

Lars varð fljótlega landsþekktur, hann kom sjálfur fram í auglýsingum fyrirtækisins sem voru bæði einfaldar og ódýrar, svo einfaldar að auglýsingaframleiðendur hlógu. Þeir hefðu þó getað sparað sér hláturinn því textinn sem Lars fór með, „Go´daw, jeg hedder Lars Larsen, jeg har et godt tilbud", hitti algjörlega í mark og bæði verslanirnar og manninn þekkir hvert einasta danskt mannsbarn.

Árið 1983 keypti Lars Larsen hlut beggja félaga sinna og hefur síðan verið eigandi fyrirtækisins. Árið 2001 var nafninu breytt og það heitir nú JYSK. Gæsin er enn hluti firmamerkisins en rúmgaflinn er horfinn.

Fyrsta verslun Jysk sengetøjslager utan Danmerkur var opnuð í Þýskalandi 1984, nú eru þar 843 JYSK-verslanir. Alls eru verslanir JYSK nú um 2000 talsins í 35 löndum. Nokkur hluti þessara verslana er í eigu annarra (til dæmis Rúmfatalagerinn á Íslandi) sem hafa sérstakan samning við JYSK. Vöruúrvalið er í dag miklu meira en það var í upphafi, en Lars sagði nýlega í viðtali að verslanir JYSK væru fyrir almenning sem gæti fengið flesta hluti til heimilisins, annað en matvöru, á hagstæðu verði. „Húsgögnin eru ekki hönnunarvara en duga vel til síns brúks og kosta lítið," bætti hann við. Mikið af framleiðslunni verður til í verksmiðjum JYSK víða um lönd en annað er keypt af öðrum framleiðendum.

Starfsmenn JYSK eru í dag um það bil 18.000. Hvergi eru jafn margar JYSK-verslanir og í Þýskalandi, 843 talsins. Næstflestar eru verslanirnar í Póllandi, 135, í Svíþjóð eru þær 125, í heimalandinu Danmörku 95 og í Austurríki 78 talsins.

Vöruhús JYSK í Uldum á Jótlandi er talið hið stærsta í Norður-Evrópu, 64.000 m^{2}. Það var tekið í notkun árið 2008.

Ekki sestur í helgan stein

Lars Larsen verður 66 ára síðar á árinu. Í löngu blaðaviðtali fyrir skömmu sagðist hann eiga margt ógert. Asía væri til dæmis ónumið land og þar ætlaði JYSK sér stóra hluti á næstu árum.

Heima í Danmörku hefur hann ekki látið nægja að beina kröftum sínum að JYSK. Hann keypti fyrir nokkru húsgagna- og húsbúnaðarverslanirnar ILVA og IdeMöbler, vöruúrvalið er annað en í verslunum JYSK og verðið hærra. Bolia-húsbúnaðarverslanirnar, sem skipta tugum og eru í nokkrum Evrópulöndum auk Danmerkur, eru einnig í eigu Rúmfata-Larsens. Árið 1990 stofnaði hann ferðaskrifstofuna Larsen rejser en sá rekstur gekk ekki vel og árið 1998 keypti ferðaskrifstofan Kuoni Larsen rejser.



Gaf æviminningarnar sínar
Lars Larsen vakti athygli, eins og svo oft áður, þegar hann skrifaði ævisöguna sína sjálfur og sendi inn á öll heimili í Danmörku.

Árið 2004 gaf Lars Larsen út æviminningar sínar, sem hann skrifaði sjálfur. Gaf er rétta orðið, því bókinni, sem heitir að sjálfsögðu „Go´daw, jeg hedder Lars Larsen – Jeg har et godt tilbud“, var dreift inn á öll heimili í Danmörku. Lars segir þar að þrátt fyrir fátækt og erfiðleika í æsku hafi hann átt gott líf og verið gæfumaður. Hann segir að eiginkonan Kris, sem enn vinnur í versluninni í Silkeborg, hafi verið sinn stóri happdrættisvinningur. Þau eiga tvö börn; sonurinn Jacob vinnur hjá JYSK en dóttirin Mette er kúabóndi. Sjálfur vinnur Lars alla daga í fyrirtækinu, segist ekki lengur mæta klukkan 7 á morgnana, en alltaf fyrir klukkan 10!

Blaðamaður dagblaðsins Berlingske spurði Lars Larsen fyrir skömmu hvort ekki væri tími til kominn að þriðji ríkasti maður Danmerkur færi að slaka á og sinna áhugamálum. „Sinna áhugamálunum, það hef ég gert síðan 1979 og ætla að halda því áfram,“ svaraði Lars og bætti við: „Það er ríkidæmi“.













Volkswagen Caddy

Snjallari kynslóð atvinnubíla

Íslenskir atvinnurekendur vita að þegar þarf að kljást við misjafnar íslenskar aðstæður er þýskt hugvit snjallasti mótleikurinn. Það er því engin furða að Volkswagen Caddy hefur verið mest seldi atvinnubíll á Íslandi undanfarin ár.

Nýjasta útfærslan af Caddy er sú snjallasta til þessa. Með snjallsímanum þínum getur þú til dæmis tíma- og fjarstýrt olíumiðstöðinni og tryggt þér hlýja og notalega byrjun á vinnudeginum. Þetta er bara einn af nýjum eiginleikum í Caddy, vinnuþjarkinum þýska, sem er nú snjallari en nokkru sinni fyrr.

VW SNJALL-BÍLL

Snjall-Caddy kostar aðeins frá

3.250.000 kr.

(2.589.641 kr. án vsk)

Staðalbúnaður í Caddy

- Rennihurðir á báðum hliðum
- 15“ stálfelgur og heilkoppar
- Lokað skilrúm með glugga
- Fullkomin stöðugleikastýring og spólvörn
- Hæðarstillanlegt ökumannssæti
- Loftpúðar fyrir ökumann
- Útvarp með geislaspilara
- Klukka
- Fullkomin aksturstölva
- Glasahaldari
- Fjarstýrðar samlæsingar
- Rafstýrðir upphitaðir hliðarspeglar
- Hæðarstillanlegt öryggisbelti
- Velti- og aðdráttarstýri
- Viðarklæðning í lofti og hliðum og gúmmídúkur á gólfi flutningsrýmis

Aukabúnaður Snjall-Caddy


- Þráðlaust símkerfi
- Fjarlægðarskynjarar að aftan
- Stigalúga*
- Tveir fjarstýringarlyklar
- Fjarstýrð Webasto olíumiðstöð með snjallsímabúnaði
- Sjúkrapúði
- Hraðastillir (Cruise Control)

Atvinnubílar

*Ekki mögulegur aukabúnaður í Caddy Maxi

Fylgi framboða til borgarstjórnar í Reykjavík

Samkvæmt nýjustu kosningaspá gerðri 26. mars 2014



REYKJAVÍK Fyrsta kosningaspá sinnar tegundar á Íslandi birt í Kjarnanum

Meirihlutinn heldur velli og Píratar ná tveimur inn

Kjarninn og Baldur Héðinsson, doktor í stærðfræði frá Boston University, hafa tekið höndum saman og munu birta kosningaspá um fylgi stjórmálaflokka í Reykjavík fram að kosningum 31. maí. Vikuleg umfjöllun um nýjustu spána verður í Kjarnanum. Spáin sameinar niðurstöður fyrirliggjandi skoðanakannana og byggir á áreiðanleika könnunaraðila í síðustu þremur borgarstjórnar- og alþingiskosningum. Hún er því einstök í Íslandssögunni.

Í fyrstu kosningaspánni kemur fram að Samfylkingin er stærsta stjórnmálaaflið í höfuðborginni með 25,5 prósenta fylgi. Björt framtíð, sem býður fram á grunni Besta flokksins, fylgir fast á hæla hennar með 24,9 prósent og Sjálfstæðisflokkurinn mælist með 23,8 prósenta fylgi. Þessir þrír flokkar ná allir í fjóra borgarfulltrúa samkvæmt spánni og því gæti núverandi meirihluti haldið velli. Píratar myndu ná tveimur fulltrúum inn en Vinstri græn einum. Framsóknarflokkurinn mælist með einungis 2,9 prósenta fylgi, sem er litlu meira en Dögun, sem mælist með 2,2 prósent. Hvorugt nær inn manni.


Aðferðin

Forsendur spárinnar

Kosningaspa.is sameinar niðurstöður skoðanakannana við útreikning á fylgi flokka. Hverri könnun er gefið vægi sem ákvarðast af þremur þáttum: Hvar og hvenær könnunin er framkvæmd og hversu margir taka þátt. Því er spáin vegið meðaltal af könnunum. Nánar

Þróun á fylgi flokka og fjölda borgarfulltrúa á flokk í Reykjavík

Kosningaspá keyrð á tímabilinu 26. febrúar til 26. mars 2014



Þróun á fjölda fulltrúa	26. febrúar 2014	14. mars 2014	24. mars 2014	26. mars 2014
Björt framtíð	4	4 ⇨ 5	5 ⇨ 4	4 ⇨ 4
Framsóknarflokkur	0	0 ⇨ 0	0 ⇨ 0	0 ⇨ 0
Sjálfstæðisflokkur	5	5 ⇨ 4	4 ⇨ 4	4 ⇨ 4
Samfylkingin	3	3 ⇨ 4	4 ⇨ 4	4 ⇨ 4
Dögun	0	0 ⇨ 0	0 ⇨ 0	0 ⇨ 0
Vinstri græn	1	1 ⇨ 1	1 ⇨ 1	1 ⇨ 1
Píratar	2	2 ⇨ 1	1 ⇨ 2	2 ⇨ 2

Röðun fulltrúa samkvæmt nýjustu spá

Fimmtán fulltrúar eru kjörnir í borgarstjórn

Björt framtíð · Framsóknarflokkur · Sjálfstæðisflokkur · Samfylkingin · Dögun · Vinstri græn · Pírataflokkurinn

1	S1	6	D2	11	D3	*16*	*S5*
2	A1	7	Þ1	12	S4	*17*	*A5*
3	D1	8	V1	13	A4	*18*	*D5*
4	S2	9	S3	14	D4	*19*	*V2*
5	A2	10	A3	15	Þ2	*20*	*S6*



Vikmörk í nýjustu spá

A 2,7%	V 1,8%
B 1,1%	T 0,9%
D 2,7%	Þ 1,9%
S 2,8%	

Kannanir í nýjustu spá

Gerð 26. mars 2014

- Stöð 2 og Fréttablaðið 2. mars 2014
- Þjóðarpúls Capacent 20. febrúar til 19. mars 2014
- Félagsvísindastofnun HÍ 17. mars til 23. mars 2014



SJÖ SPURNINGAR

Ragnhildur Sverrisdóttir

Upplýsinga-fulltrúi Novator

Af hverju hefur þú mestar áhyggjur þessa dagana?

Sinnuleysi, framtaksleysi, kæruleysi, svikum og almennum ræfildómi. Annarra, að sjálfsögðu.

Hvernig líst þér á stöðu efnahagsmála í augnablikinu?

Afleitlega! Ég á afskaplega bágt með að sjá hvernig fum og fát, japl, jaml og fuður getur hjálpað okkur við að brjótast út úr höftum og stöðnun.

Hvað er alltaf fastur liður hjá þér um helgar?

Helgarnar eru ekki í föstum skorðum. Ætli algengasti samnefnari þeirra sé ekki að fylgja dætrunum eftir um allar trissur þegar þær keppa í fótbolta með 4. flokki Víkings. Draumahelgin er þessi klassíska, blanda af afslöppun og vinahitting. Og fótbolti dætranna má sannarlega haldast inni!

Hvaða bók eða bækur ertu að lesa núna?

Ég var að klára Síðasta góðmennið eftir Kazinski sem var ágætis skemmtun, þótt hún væri komin full langt út fyrir hið áþreifanlega í restina. Ég er of jarðbundin fyrir svona lagað. Núna er ég að byrja á Valkyrjuáætluninni eftir Jesús Hernández. Framvindan kemur áreiðanlega ekkert á óvart, jafn þekkt og það tilræði við Hitler er, en mér finnst samt alltaf jafn áhugavert að lesa bækur sem segja af atburðum síðari heimsstyrjaldar. Fyrir skömmu las ég HHhH eftir Laurent Binet og bókina Sigrún og Friðgeir eftir Sigrúnu Pálsdóttur. Þær sækja dálítið á mig, þessar frábæru en ólíku frásagnir úr stríðinu.

Hvaða lag er í mestu uppáhaldi?

Það fyrsta sem mér dettur í hug? The Blower's Daughter með Damien Rice. Aþþíbara! En ég er reyndar löngu hætt að geta nefnt uppáhalds þetta og uppáhalds hitt, enda geri ég mér sífellt betur grein fyrir hvað ég á eftir að heyra og sjá margt.

Hvaða karakter í bíómynd eða sjónvarpsþáttum myndir þú helst vilja vera?

Því velti ég aldrei fyrir mér! Það hlýtur þó að vera alveg óbærilega fyndið að vera með slíkt á heilanum: „Hmm, hvernig myndi Lisa Simpson bregðast við núna?" Eða: „Hversu lengi ætli þessi myndi endast ef ég væri Hannibal Lecter?"

Hvert er uppáhaldstækið þitt?

Ég vildi óska þess að ég gæti sagt „bíllinn minn" því þá fæli svarið í sér að ég ætti æðislegan bíl. Ég er nefnilega með snert af bíladellu. En ég ek um á Chevrolet Spark. Engu við það að bæta.

AF NETINU

Samfélagið segir

um hárlitun og skuldaniðurfellingar

Facebook



JÓNAS KRISTJÁNSSON

Þorsteinn Sæmundsson sagði á alþingi, að skuldamillifærslan væri fyrir fólk, sem neyddist sjálft til að lita hárið.

þriðjudagur 8. apríl



THORARINN LEIFSSON

Ótrúlegt óréttlæti gagnvart okkur sem erum ekki með neitt hár á hausnum!

miðvikudagur 9. apríl



SIGRÍÐUR RUT JÚLÍUSDÓTTIR

Hugsið um börnin! Hugsið um börnin. Í hvert sinn sem einhver segir eitthvað ljótt um Sigmund Davíð þá deyr engill.

miðvikudagur 9. apríl


Twitter



ÞÓRARINN HJÁLMARSSON @thorarinnh

Ánægður að sjá að Framsókn hefur forgangsraðað vel - Hárlitun á hárgreiðslustofum eru sjálfsögð mannréttindi

miðvikudagur 9. apríl



SALKA MARGRÉT @salkamargrét

Verður framsókn refsað fyrir SDG í sveitarstjórnarkosningunum í vor?

miðvikudagur 9. apríl



GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON @gudlaugurthor

Þorsteinn Sæmundsson tekst ágætlega að fá stjórnarandstöðuna í andsvör

þriðjudagur 8. apríl

BAKHERBERGIÐ

Fórnað á altari græðgisvæðingarinnar

„„Mér og minni fjölskyldu var fórnað á altari græðgisvæðingarinnar þar sem ekkert var heilagt, ekkert.“ Tilvitnunin er í íslenskan karlmann á fimmtugsaldri sem vill ekki koma fram undir nafni. Maðurinn lenti í því árið 2003, meðan hann starfaði í erlendri stórborg sem iðnaðarmaður hjá íslensku útrásarfyrirtæki, að landsþekktur auðmaður hélt við eiginkonu hans á Íslandi.“

Svona hefst bók Inga Freys Vilhjálmssonar, Hamskiptin: Þegar allt varð falt á Íslandi, sem kemur út á vegum Veraldar á föstudag.

Samantekin ráð vegna framhjáhalds

Í þessum hluta bókarinnar segir maðurinn frá því að hann hann telji það hafa verið „samantekin ráð“ hjá auðmanninum sem hélt við eiginkonu hans og íslenska fyrirtækinu sem hann starfaði hjá að halda honum sem mest frá Íslandi. Vinnuveitandi hans sagði honum að mikilvægt væri að hann dveldi í borginni á meðan verkið sem hann vann að væri óklárað. „Þetta voru samantekin ráð, ekki bara hjá þeim, heldur líka hjá henni. Þriggja mánaða verkefni teygðist yfir í meira en sjö mánuði. Þetta situr svolítið mér“. Hægt er að lesa kaflabrotið í heild sinni á kjarninn.is













Mynd: AFP

Stærstu kosningar sögunnar
Kjörnefndarfólk í kosningamiðstöð í Ghazibad á Indlandi kannaði í gær hvort kosningavélarnar virkuðu rétt. Indversku þingkosningarnar eru fjölmennustu kosningar frá upphafi. Allar líkur eru á að Þjóðarflokkur hindúa komist til valda eftir kosningarnar, sem lýkur ekki fyrr en eftir fimm vikur.



Umdeild heimsókn Higgins
Það fór ágætlega á með þeim Michael D. Higgins, forseta Írlands, og Elísabetu Englandsdrottningu yfir konunglega kvöldverðinum í London á þriðjudag. Heimsókn Higgins er fyrsta opinbera heimsókn írsks þjóðhöfðingja til Bretlands síðan Írland varð sjálfstætt árið 1949.

Mynd: AFP



Flugrita flugs MH730 leitað

Ástralskar leitarsveitir leita enn að vísbendingum um hvað hafi orðið af Boeing-þotu Malaysian Airlines sem hvarf sporlaust yfir sunnanverðu Indlandshafi fyrir rétt rúmum mánuði. Hljóðmerki sem kann að vera úr flugrita vélarinnar hefur greinst og undirbúa nú kafarar kafbát til að kanna hljóðmerkið.

Mynd: AFP



Kosið með mömmu

Mynd: AFP

Þingkosningar fara nú fram í Indónesíu. Þessi kona tók barn sitt með í kjörklefa á Jövu í gær um svipað leyti og tilkynnt var að stærsti stjórnarandstöðuflokkurinn hefði tekið forystu í kosningunum. Frambjóðandi sama flokks er jafnframt talinn líklegur sigurvegari í forsetakosningunum sem haldnar verða í júlí.



Óöld ríkir enn í austri

Mynd: AFP

Öryggislögreglan í Úkraínu átti í fullu fangi við að halda aftur af stuðningsmönnum rússneskra yfirráða í Donetsk í Austur-Úkraínu á sunnudag. Um 50 manns brutust í gegnum varnir lögreglu og tóku ráðhús borgarinnar á sitt vald. Mikilla áhrifa Rússa gætir í austanverðu landinu og þar er ástandið eldfimast.



SPES Furðuleg ummæli forsætisráðherra smáríkis um loftslagsbreytingar vekja athygli

Sér tækifæri fyrir þjóðina vegna náttúruhamfara

Ummæli forsætisráðherra Íslands, smáríkis í Norður-Atlantshafi, í þarlendum fjölmiðlum á dögunum hafa vakið athygli á heimsvísu.

Þegar ríkisfjölmiðillinn, RÚV, leitaði viðbragða forsætisráðherrans við nýrri skýrslu Loftslagsnefndar Sameinuðu þjóðanna, þar sem fram kemur að hnattræn hlýnun muni hafa gríðarlega alvarlegar afleiðingar fyrir alla jarðarbúa og þá sérstaklega þá allra fátækustu, sagðist forsætisráðherrann sjá tækifæri í hamförunum fyrir þjóð sína.

Í yfirvofandi vatns- og fæðuskorti, hækkandi matvælaverði, dýrari orku og aukinni eftirspurn eftir landrými fælust tækifæri fyrir Íslendinga, ekki síst á sviði matvælaframleiðslu.

Máli sínu til stuðnings vísaði forsætisráðherrann til kenninga um að á meðan ríki við miðbaug myndu glíma við mörg vandamál næstu árin vegna hlýnandi loftslags myndu þjóðir á norðlægum slóðum blómstra.

Ummæli forsætisráðherrans vöktu hörð viðbrögð stjórnarandstöðunnar á Íslandi, og ekki síst furðu víða um heim.

Hilmar Sigurðsson
Formaður Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda

kjarninn 10. apríl 2014

Frítt efni?

Hilmar Sigurðsson skrifar um að tæknifyrirtæki eigi að tryggja framleiðendum efnis sanngjarnt endurgjald.

Í nýlegri grein í Kjarnanum kemur fram að á Íslandi séu um 115 þúsund háhraðanettengingar og að íslenski fjarskiptageirinn velti um 50 milljörðum árlega. Þrátt fyrir þessa gífurlegu veltu greiðir fjarskiptageirinn mjög takmarkað til höfundarréttarhafa, sem þó eiga stóran hluta þess efnis sem verið er að flytja um veiturnar og neytendur sækjast eftir og greiða fjarskiptafyrirtækjunum fyrir flutning á. Þannig er viðskiptamódel fjarskiptageirans byggt upp á að hann selur inn á frítt efni sem neytendur sækjast eftir.



Í nýrri könnun Capacent um neyslu á kvikmynduðu efni kemur í ljós að um 80% Íslendinga á aldrinum 16-24 ára hlaða niður kvikmyndaefni. Slíkt hlutfall er óþekkt með öllu í nágrannalöndum okkar. Þeir sem hlaða niður efni greiða fyrir vistun og flutning efnisins sem þeir horfa eða hlusta á en greiða ekki fyrir efnið sjálft, sem þó er drifkrafturinn fyrir því að ástunda niðurhalið.

Leitarvélar, vistunaraðilar og aðrir sem bjóða höfundarréttarefni til niðurhals fá það líka frítt. Þeir selja auglýsingar

og áskrift út á þjónustu sína sem raunverulega grundvallast á þessu efni. Netveitur og tæknifyrirtæki selja síðan auglýsingar til að fjármagna leit, vistun og flutning á efninu og hafa af því miklar tekjur, án þess að greiða endurgjald fyrir.

Á þennan hátt hefur orðið til viðskiptamódel sem veltir tugum milljarða hér í okkar litla hagkerfi og ótrúlegum tölum á heimsvísu, án þess að þeir sem framleiða efnið fái endurgjald fyrir. Það getur varla talist sanngjarnt að það sé þeirra að gefa sínar afurðir?

„Í nýrri könnun Capacent um neyslu á kvikmynduðu efni kemur í ljós að um 80% Íslendinga á aldrinum 16-24 ára hlaða niður kvikmyndaefni. Slíkt hlutfall er óþekkt með öllu í nágrannalöndum okkar.“

Háværar raddir eru um að kvikmynda- og tónlistargreinarnar hafi ekki brugðist við þessum nýja veruleika með því að bjóða efnið sitt á rafrænu formi til neytenda, þegar og þar sem þeim hentar. En er það virkilega sanngjörn krafa á höfunda efnis að finna upp og þróa tæknikerfi og veitur sem tryggir þeim sanngjarnt endurgjald? Er það ekki eðlilegri krafa að þau fyrirtæki sem finna upp, þróa og markaðssetja nýja tækni, og fá í dag efnið til þess frítt, þrói í viðskiptamódelum sínum leiðir til að tryggja höfundarréttarhöfum greiðslu fyrir sitt efni?

Í allri þessari dreifingu efnisins er hægt að mæla áhorf, niðurhal og fjölmargt annað. Allar athafnir okkar á netinu eru vaktaðar og skráðar í gagnagrunna tæknifyrirtækjanna (og annarra eins og NSA). Þannig hefur þetta verið frá fyrstu dögum netsins.

Því hefur verið haldið fram að persónuvernd sé undir við það að nýta þessar upplýsingar til að tryggja eigendum höfundarréttarvarins efnis endurgjald fyrir not á verkum þeirra. Með slíkum málflutningi eru þeir hinir sömu í raun að fara gegn því frelsi sem þeir krefjast, því ef virða á persónuverndina þyrfti að loka veitum eins og Google, Yahoo og öðrum slíkum, en þar er safnað ógrynni af upplýsingum um netnotkun okkar og hegðun.

Að sjálfsögðu eiga sömu lögmál að gilda í netheimum

og við höfum orðið ásátt um í okkar daglega lífi. Við sættum okkur ekki við að hlutirnir okkar séu teknir ófrjálsri hendi og seldir öðrum, án þess að við fáum eitthvað fyrir okkar snúð. Við erum til í að greiða stórar fjárhæðir fyrir tæki, netaðgang, geymslu, þjónustu og annað, en einhvern veginn hefur þótt sjálfsagt að taka efni sem aðrir eiga án þess að greiða fyrir það.

„Netveitur og tæknifyrirtæki selja síðan auglýsingar til að fjármagna leit, vistun og flutning á efninu og hafa af því miklar tekjur, án þess að greiða endurgjald fyrir.“

Verði ekki breyting á þessari þróun munum við tapa fjölbreytileika í framboði og gerð efnis og fá bara meira af því sama. Það er væntanlega ekki það sem fólk hefur í huga þegar það hleður niður efni, en verður óhjákvæmilega niðurstaðan nema við förum að læra að innihaldið, efnið sjálft, er það sem er raunverulega virðið, ekki umbúðirnar, flutningaleiðirnar eða annað sem þarf til að færa okkur það heim í stofu, og það hlýtur að vera sanngjarnt að höfundar og rétthafar fái greitt fyrir það.



emmessís
SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ BORGAR BÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ
Sýningartímar og miðasala á eMiði.is
sena



Auður Jónsdóttir
rithöfundur

kjarninn 10. apríl 2014

Heimsins útvalda þjóð

Auður Jónsdóttir finnur til með framsóknarmönnum á þingi og líkir þeim við unglinga sem hafa takmarkaða lífsleikni á valdi sínu.

Ég er farin að finna til með framsóknarmönnum á þingi, svipað og ég finn til með unglingum sem hafa svo takmarkaða lífsleikni á valdi sínu að þeir eru stöðugt að gera eitthvað af sér. Þegar foreldrarnir ganga á þá sverja þeir allt saman af sér og vilja ekki kannast við neitt, enda ætluðu þeir ekki að gera neitt af sér, allt var af góðum ásetningi gert, foreldrarnir skilja þá bara ekki – frekar en íslenskir kjósendur afsprengi sitt: ríkisstjórnina.

Í rauninni ætlast framsóknarmenn til þess að kjósendur umberi þá eins og unglinga. Þjóðin á að skilja að þó að þeir segi A hafi þeir meint B og sá sem reynir að benda þeim á raunverulegt inntak orðanna er glataður! Alltaf að reyna að hanka þá á einhverju bara af því hann er svo glataður. Vá! Þetta er djöfuls loftárás af því að þið viljið að við séum ömurlegir! dæsa unglingarnir í Framsókn í ungæðislegu mikilmennskubrjálæði því þeir trúa því af öllu hjarta

– eins og margur unglingurinn – að allt hverfist um þá sjálfa.

Kanslarína og Kristalsnótt

Mér varð hugsað til framsóknarmanna í þýskutíma í Berlín um daginn. Þessa dagana er ég að læra um stjórnmálastrúktúrinn í Þýskalandi og stundum berst talið að fortíðinni sem er órjúfanlegur hluti nútíðar, aðdragandinn að gangverki stjórnmálanna í dag. Eina mínútuna er rabbað um kanslarínuna, þá næstu um Kristalsnóttina. Þjóðverjar eins og kennarinn minn virðast álíta það skyldu sína að rýna í misgerðir forfeðranna til að þeim takist sjálfum að skapa góða framtíð fyrir börnin sín. Já, kennarinn minn álítur það skyldu sína að læra af sögunni til að vera hæfari kjósandi, meðvitaður um að manneskjan er breysk. Svo breysk að stundum skilur manneskjan ekki afleiðingar orða og gerða sinna, hvort sem hún er unglingur eða fullorðin.

„Góðar manneskjur gera vonda hluti, oft án þess að ætla sér það eða þá í afneitun.“

Góðar manneskjur gera vonda hluti, oft án þess að ætla sér það eða þá í afneitun. Góðar manneskjur fara líka á þing – og ef þær gera sig sekar um afglöp, í orði eða á borði, þá verða þær gjörr-svo-vel að segja af sér, bæði í Þýskalandi og flestum nágrannalöndum Íslendinga. Þannig er stjórnmálamenningin hjá nútímaþjóðum sem hafa lært sína lexíu af sögunni. Upplýstir kjósendur ábyrgjast að stjórnmálamenn þurfi að bera ábyrgð á orðum og gerðum sínum, hvort sem síðarnefndir eru meðvitaðir um afglöp sín eða ekki. Annars er hættan sú að afglöpin stigmagnist, að þau verði bíræfnari og verri í næsta sinn, þannig virðst lögmálið vera ef eitthvað er að marka sögubækurnar.

Veruleikafirrtur forsætisráðherra

Í nágrannalandi segir stjórnmálamaður af sér af því að hann vissi ekki að hann ætti að borga skatt af bílastæði. Á Íslandi skráir stórefnaður forsætisráðherrann lögheimili sitt

á eyðibýli og ríkisstjórn hans stjórnar með ólýðræðislegum geðþóttaákvörðunum.

Þessi sami forsætisráðherra lætur hafa eftir sér að fólk sem var orðið uggandi um stöðu mála í aðdraganda Hrunsins sé upp til hópa illa innrættir sérhagsmunaseggir. Orðrétt: „Til er fólk sem leit á vissan hátt á efnahagslegar ófarir Íslands sem sinn stærsta sigur, sem réttlætingu á eigin skoðunum. Loksins var komin sönnun þess að Ísland og Íslendingar væru ekkert svo merkilegir og jafnvel hálfglataðir aular. Loksins hlutu allir að sjá að Íslendingar hefðu í gegnum tíðina aldrei getað stjórnað sér sjálfir. Loks var komin réttlæting fyrir byltingarstjórn sem myndi brjóta á bak aftur það hræðilega samfélag sem byggt var upp á Íslandi á 20. öld.“

„Upplýstir kjósendur ábyrgjast að stjórnmálamenn þurfi að bera ábyrgð á orðum og gerðum sínum.“

Álítur hinn stórefnaði forætisráðherra að fólk (og þá drjúgur hluti þjóðarinnar) sem margt hvert missti heimili sitt, vinnuna sína, fjármuni, bílinn sinn; flæktist í íþyngjandi lánagildrum, veiktist eða skildi út af fjárhagsáhyggjum og horfði upp á nána ættingja upplifa annað eins, hafi fagnað af því að það var svo gaman að hafa haft rétt fyrir sér?

Ef svo er finnst mér að háttvirtur forsætisráðherra eigi að segja af sér hið snarasta og leita sér hjálpar áður en veruleikafirringin nær hættulegri hæðum.

Blóðug saga úr nánustu fortíð

Í þýskutímanum hvarflaði að mér að Íslendinga skorti átakanlega blóðuga sögu úr nýliðinni fortíð. Þjóðarsálin hefur ekki neyðst til að fara í rækilega naflaskoðun út af stríði en kannski hefði það verið henni hollt, þá hefði hún kannski ræktað með sér ábyrgari stjórnmálamenningu en raunin er, menningu þar sem stjórnmálamönnum leyfist ekki að gaspra út í loftið eins og enginn sé morgundagurinn.

Hrunið var ekki nóg. Meira þarf til svo að kjósendur öðlist nægilega meðvitund til að sýna stjórnmálamönnum nauðsynlegt aðhald. Satt að segja er forsætisráðherrann ekki einn

um hættulega veruleikafirringu, kjósendur hans eru engu skárri, held ég. Stjórnmálamenn eru birtingarmynd gildismats kjósenda sinna. Þannig var forsætisráðherrann andlit þjóðarinnar þegar erlendir fjölmiðlar vitnuðu í orð hans um sóknarfæri Íslands í mestu hamförum heimsins. Og þannig birtist þjóðin umheiminum sem sjálfhverfur unglingur. Þjóð sem álítur í barnaskap sínum að hún sé heimsins útvalda þjóð.

Vald orðanna

En ókei, leyfum forsætisráðherranum að njóta vafans, hann er svo sem ekki fyrsti íslenski stjórnmálamaðurinn sem talar á þessum nótum. Kannski átti hann fyrst og fremst við að Íslendingar gætu lagt hönd á plóg en gat ekki orðað það betur en svo að allt kom öfugt út úr honum. Það er jú staðreynd að eina leiðin til að bjarga mannkyninu, sem og allri jörðinni, frá stórfelldum hamförum, jafnvel endalokum heimsins eins og við þekkjum hann, er sú að trúa því að það sé í okkar valdi að gera það. Það þýðir ekki að leggjast undir feld heldur verðum við að reyna allt hvað við getum, annars getum við gleymt því að börnin okkar fái kost á því að lifa mannsæmandi lífi, raunar hættum við á það að þau eigi eftir að upplifa hrikalega tíma.

Kannski langaði Sigmund Davíð að segja eitthvað á þessa leið. Kannski átti hann alls ekki við það sem við hin lesum út úr orðum hans. Vandamálið er bara að Sigmundur Davíð virðist ekki hugsa áður en hann talar frekar en félagar hans í Framsóknarflokknum. Og það er hættulegt þegar stjórnmálamenn skilja ekki að orð eru alls megnug.

Orðin ein.

Málfrelsishöft

Kannski ætti ég ekki að blaðra svona. Kvótablaðskónginum sem skrifar Staksteina finnst ég ábyggilega tefla á tvær hættur með þessum orðavaðli, samkvæmt hans kokkabókum er ég að vega að málfrelsinu með skætingi.

Höfundur Staksteina virðist álíta að forætisráðherra verði

að fá að tala án þess að kjósendur sýni viðbrögð við orðum hans. Hann er ekki einn um það, málflutning forsætisráðherra má helst ekki gagnrýna á lýðræðislegum nótum án þess að ráðamenn saki kjósendur um misnotkun á tjáningarfrelsinu, loftárásir eða annarlegar hvatir. Í hugum þessara manna virðist málfrelsið lúta sömu lögmálum og íslenska krónan, það þrífst aðeins með tilteknum skilyrðum og á undanþágu.

Ég er ekki viss um að ráðamenn í Þýskalandi eða á Norðurlöndunum hafi sömu sýn á tjáningarfrelsið og þeir kumpánar Davíð & Sigmundur Davíð. Ég ætla að prófa að spyrja þýskukennarann minn.

KVÍÐI, ÁLAG EÐA ORKULEYSI?





Burnirótin hefur reynst mér mjög vel við þunglyndi og kvíða. Ég er mun hressari á morgnana og hef meira úthald og orku allan daginn og mæli hiklaust með henni.

Sigþrúður Jónasdóttir




BURNIRÓTIN er talin góð gegn orkuleysi, kvíða, þunglyndi, getuleysi og streitu ásamt því að efla úthald og einbeitingu.

Fæst í apótekum, heilsubúðum, Hagkaupsverslunum (Smáralind og Spönginni) og Fjarðarkaupum.



anna rósa
GRASALÆKNIR



Töluleg hengingaról

Ragga Nagli hakkar töfralausnir til þyngdartaps í sig og minnir á að árangur í ræktinni er persónubundinn. Sömu „lausnirnar“ virka ekki fyrir alla.

LÍFSSTÍLL
Ragnhildur Þórðardóttir
heilsusálfræðingur

Sjálfshjálparbækur, átaksnámskeið, skyndikúrar og mataræðisstefnur spretta upp eins og gorkúlur í hverri viku, en flestar eiga þær sameiginlegt að setja snöru utan um hálsinn á þér í formi tölulegra viðmiða.

„Viltu missa 10 kg fyrir sumarið? Brenndu 1.000 kaloríum á nýja æfingakerfinu frá Hollívúdd. Búðu til splunkunýja hegðun á aðeins örfáum dögum. Misstu 1 kg á dag á nýja lágkolvetna háfitu, prótína kúrnum.Hangtu á horriminni tvo daga í viku og tálgaðu smjörið á ljóshraða. Borðaðu á tveggja tíma fresti, annars visna vöðvarnir með óútskýrðum

mekanisma. Þú verður að borða sex máltíðir á dag, annars deyja tíu kettlingar. Misstu 5 kg á mánuði á nýja díetinu sem tröllríður öllu í Ameríkunni. Ekki borða meira en 50 grömm af kolvetnum á dag því þá spikastu eins og aligæs í foie gras-verksmiðju. Þú verður að þyngja lóðin um 5% á tveggja vikna fresti til að verða massaður í drasl.“

Markmiðin byggjast á tölustöfum. Númer á vigt, númer á grömmum, númer á fituprósentu, númer á lóðum, númer á málbandi, fjöldi daga, fjöldi vikna, fjöldi hitaeininga.

Við förum í gegnum daginn með stöðugan kvíðahnút í maga yfir því hvaða tölu hinar ýmsu grænjur gubba út úr sér því þær ákvarða lífshamingjuna og sjálfsvirðinguna. Skrefamælir í vasa. Kaloríubrennslumælir á úlnlið. Vigt á baðherbergisgólfi. Fitumælingagræja í rækt. Kaloríu-app í síma.

„Gegndarlaus samanburður við tölur og númer, staðla og norm, veldur frústrasjón og vonleysi í sinninu þegar við náum ekki sama árangri og básúnaður er í gjallarhorn yfir lýðnum og letur okkur til að halda áfram á heilsubrautinni. “

Með væntingarnar hangandi uppi í ljósastaur, vaðandi skýjaborgir af óraunhæfum markmiðum um að missa 2 kg á viku, er matseðill frá nýjasta netgúrúnum vandlega klipptur út, hengdur á ísskápshurðina og fylgt eins og biblíu Bjarts í Sumarhúsum.

„Nú er ég búinn að fylgja þessu mataræði í fimm daga og vigtin ekki haggast. En gaurinn í auglýsingunni missti 2 kg á viku. Ég er greinilega með brengluð efnaskipti.“ „Ég hef ekki getað þyngt lóðin núna í heilan mánuð. Búhú, ég mun aldrei kjötast upp.“ „Ég komst ekki frá vinnu til að borða og komnir fjórir tímar frá síðustu máltíð. Nú rýrna ég í sundur og verð að hengilmænu.“

Hinar magísku tólfhundruð

Skyndilausnabisnissinn gengur nefnilega út frá að allir séu steyptir í sama kökuformið, og allir skrokkar bregðist við æfingum og mataræði á sama hátt. En við erum jafn misjöfn og við erum mörg og mikilvægustu breyturnar sem ákvarða hvernig líkami þinn bregst við eru líkamsþyngd,

megrunarsaga, arfleifð og grunnbrennsluhraði. Heilbrigt fitutap er 500 grömm á viku. En sumar vikur missirðu „bara“ 200 grömm, og sumar vikur missirðu ekki eitt einasta atóm af smjeri. Líkamlegar breytingar eru nefnilega aldrei línulegt ferli. Það eru toppar og dalir, hæðir og lægðir, stökk og stöðnun. Svo þar rjúka X kíló per viku markmiðin út um galopinn stofugluggann.

Við þurfum mismargar hitaeiningar til líkamlegra fúnksjóna og einnig til að brenna fitu. Að gefa út ríkisskammt af kaloríum er algjört hrossatað.

„Ég var innanétinn af hungri og gat ekki haldið mig bara við 1.200 kaloríur í dag. Ég er aumingi með enga sjálfstjórn sem getur ekki haldið út megrun eins og allir aðrir.“

Hvaðan kemur eiginlega þessi magíska 1.200 kaloríu tala? Það eru tár á hvörmum yfir að slíkt sé í nokkurri vídd æskileg eða sniðug lausn til fitutaps. Það endist enginn sleiktur á horrimina með skrokkinn snuðaðan um mörg hundruð kaloríur. Það leiðir óhjákvæmilega til sprengingar á limmi og öllu hent fyrir róða. Hver eru lífsgæðin í að svelta heilu hungri bara til þess að komast í brók númer eitthvað? Hvers virði er heilsan þegar grunnbrennslu og heilbrigðum efnaskiptum er hent út í hafsauga til að fylgja nýjasta tröllríðandi trendinu í tálgun?

En það er rifið í hár, grátið í kodda, skælt í símtól og rifist við maka yfir öllum númerunum sem hringsóla yfir hausnum eins og hrægammar á sjálfdauðum sebrahesti.

Hlegið í bankanum

Gegndarlaus samanburður við tölur og númer, staðla og norm, veldur frústrasjón og vonleysi í sinninu þegar við náum ekki sama árangri og básúnaður er í gjallarhorn yfir lýðnum og letur okkur til að halda áfram á heilsubrautinni.

Í stað þess að styrkja okkur með jákvæðri reynslu erum við stöðugt minnt á að vera mislukkuð, stútfull upp í kok af neikvæðri upplifun yfir að ná ekki tölulegum viðmiðum sem miðlarnir troða í smettið á hverjum degi. Þessar misheppnuðu tilraunir festa sig í minninu og draga



úr sjálfstraustinu til að halda áfram í verkefninu. En skyndilausnabransinn vill einmitt að þú gefist ítrekað upp og stútfullur af vonleysi og hjálparleysi eyðir hýrunni í næsta sölutrix. Svo hlæja þeir alla leið í bankann með sparigrísinn þinn undir hendinni.

Margir sem hoppa á skyndilausnahraðlestina til Uppgjafarvogs með pissustoppi í Vonleysisvík eru einmitt raðkúristar og hafa prófað alla kúra undir sólinni. Þeir eru fastir í viðjum þess sem „má“ og „má ekki“ og geta þulið upp kaloríur og kolvetnagrömm í matvælum eins og Faðirvorið. Í desperasjón að tálga smjer á örbylgjuhraða er hver öreind analýsuð, spáð og spekúlerað í smáatriðaþráhyggju á meðan fjötrar mataræðis vefja sig fastar og fastar um hálsinn.

Það er mun vænlegra til langtímaárangurs að eyða púðrinu í að tileinka sér nýtt og betra hegðunarmynstur og leyfa hlutunum að gerast á sínum eðlilega hraða. Þú stjórnar því ekki hversu hratt líkaminn ÞINN vinnur, hversu mörg

grömm þú missir á nýjasta díetinu úr Kosmó, en þú hefur stjórn á hegðuninni, þínum aðgerðum, ákvörðunum og hugarfari.

Gamlar Sloggi-nærbuxur

Það sem bransinn vill nefnilega ekki að þú vitir er að fitutap er ekki afleiðing af einni gullsleginni magískri breytingu yfir nótt, heldur uppsöfnuð áhrif af margs konar hegðun yfir langan tíma. Kaldur kalkúnn á heima í kjötborðinu í Nóatúni og kann ekki góðri lukku að stýra að gefa nýrri hegðun aðeins nokkrar vikur til að festast í sessi. Nýr lífsstíll er samansafn á hegðunarbreytingum yfir langan tíma. Þegar við framkvæmum rétta hegðun dag eftir dag, viku eftir viku, sér árangurinn um sig sjálfur, sem aftur styrkir sjálfstraustið til að halda áfram. Mæta á æfingar og taka vel á því. Borða hollt og skynsamlega og hóflega skammta. Leyfa sér sveittmeti í hófi en umfram allt njóta ferðarinnar með jákvæðum augum því hegðunarmynstrið er afurð hugarfarsins. Þegar númerin eru það eina sem skiptir máli verður Nonni neikvæði allsráðandi í núðlunni og öll orkan fer í að einblína á allar þessar tölur sem þú slefar yfir.

Þú getur valið hegðun og hugarfar en þú getur ekki valið hvernig skrokkurinn bregst við aðgerðum þínum. Þegar þú setur allt púðrið í það sem þú getur stjórnað af réttri hegðun af hollu mataræði og reglulegum æfingum yfir langan tíma munu breyturnar sem þú stjórnar ekki sjá um sig sjálfar.

En svona nálgun er jafn ókynæsandi og gömul Sloggi-nærbrók úr Kaupfélaginu á Óspakseyri, og selur engar skræður, átaksnámskeið, pillur eða ofurfæðisduft úr berjarunnum ræktuðum af nunnum í hlíðum Nepal.

Því blákaldur og nístandi sannleikurinn er að árangurinn kemur mun hægar en lagt var upp með í upphafi, því væntingarnar hanga með veðurhananum uppi á húsþaki eftir skrollið á samfélagsmiðlunum. En í staðinn verður hann langvarandi og enginn hlær í bankanum með aurana þína í vasanum.

SMASSSALAT



PANTA & SÆKJA

5 78 78 74

SAFFRAN

APPIÐ

Yngvi Eysteinsson
útvarpsmaður á FM957
„Ég á iPad“



YEVVO

Nýtt frá sömu gæjum og komu með Snapchat. Algjör snilld. Með einu klikki byrjar maður beina útsendingu í gegnum snjalltækið. Við höfum oft notað þetta á FM957 og á nokkrum sekúndum fengum við tæpa þúsund áhorfendur.

SNAPCHAT


Það er kannski ekki kúl að nefna Snapchat á þessum lista en ég verð nú bara að gera það. Fátt skemmtilegra en virkilega góðir Snapchat-vinir.

FM HANDHELD

Ég kynni mesta tímaþjóf sögunnar. Algjör snilld að geta tekið símann eða snjalltækið upp og vera kominn í Football Manager á nokkrum sekúndum. Football Manager hefur komið mér í gegnum allnokkrar flug- og strætóferðir.

TÆKNI Þrívíddarprentari á viðráðanlegu verði fyrir neytendur

Þrívíddarprentarinn Micro frá M3D mun kosta aðeins 33.000 krónur og er sérstaklega hannaður með hinn almenna neytanda í huga. Þetta varð ljóst á mánudag þegar Micro safnaði markmiðsupphæðinni 50.000 Bandaríkjadölum á innan við ellefu mínútum með hópfjármögnunum á vefnum. Nú, tveimur dögum eftir að fjármögnunin hófst, hefur Micro verið fjármagnað um 3.322% af upphaflegu markmiði, sem jafngildir 186.398.800 krónum. **BÞH**



Tækið er svo einfaldlega tengt með hefðbundnu USB-tengi í tölvuna. Sérstakur hugbúnaður fylgir prentaranum. Svo er það ímyndunaraflið sem ræður för.

Prentarinn getur prentað úr alls kyns hráefnum. Meðal hráefna sem hann styður eru nælon, hitadeigt alífatískt pólýester og akrýlnítrílbútadíenstýren.

Prentarinn frá Micro er aðeins 18,5 sentimetrar á alla kanta og vegur aðeins tæpt kíló.

Þrívíddarprentarinn styður Windows, OSx-stýrikerfið frá Apple og Linux. Því ættu allir að geta notað prentarann.



Græða á gagnanotkun, gefa símtöl

Gagnanotkun Íslendinga á snjalltækjum sínum hefur margfaldast á skömmum tíma. Mun aukast enn meira með frekari innleiðingu 4G-kerfisins.

FJARSKIPTI
Þórður Snær Júlíusson
@thordursnaer

Þegar farsímavæðingin hafði raungerst, og landlínusímtöl úreltust að mestu, snerist baráttan á fjarskiptamarkaði lengi vel um að ná í viðskiptavini og láta þá hringja og/eða senda mynd- eða smáskilaboð til hvors annars. Því meira sem fólk hringdi og því fleiri skilaboð sem það sendi, því meiri varð arður fjarskiptafyrirtækjanna. Sérstaklega ef viðskiptavinirnir voru erlendis. Þá kostuðu símtölin og skeytasendingarnar oft ótrúlegar upphæðir, oft á tíðum án þess að fyrir rukkuninni væru viðskiptalegar forsendur.

Nú er farsímatímabil fjarskiptageirans að líða undir lok

og gagnaflutningatímabilið að taka við. Tíðniheimildir fyrir 3G, fyrstu háhraðakynslóð farsímanetskerfisins, voru boðnar út í lok árs 2006. Kerfið er í raun mun frekar netkerfi en farsímakerfi og gerði gagnaflutning mögulegan. Allt í einu var mögulegt að hlaða niður tónlist og horfa á kvikmyndir eða þætti í símanum sínum.

Nú stendur næsti fasi yfir. 4G-væðingin er í fullum gangi. Skrefið sem verður tekið upp á við með henni er stærra en margir átta sig á. Hraðinn á 4G-tengingu er tíu sinnum hraðari en í 3G og um þrisvar sinnum hraðari en hröðustu ADSL-tengingar.

„Hraðinn á 4G-tengingu er tíu sinnum hraðari en í 3G og um þrisvar sinnum hraðari en hröðustu ADSL-tengingar.“

Mun auka notkun á snjalltækjum

Síminn, Nova, Vodafone og 365 miðlar hafa öll fengið úthlutað tíðni til að byggja upp 4G-þjónustu. Innleiðing hennar er þegar hafin og stór svæði á landinu hafa þegar aðgang að 4G-neti fjarskiptafyrirtækjanna.


Innleiðingin mun auka notkun á snjalltækjum til muna, enda mun hún hafa þau áhrif að notendur geta sótt miklu meira efni á snjalltækin sín, hvort sem það eru símar, spjaldtölvur, úr eða annars konar klæðanleg tæknilausn. Neyslumynstur þjóðarinnar mun breytast samhliða þessu. Miklu meira af fréttum, afþreyingu eða öðru efni sem mögulegt er að miðla stafrænt verður neytt á snjalltækjum. Og grunnurinn er sannarlega til staðar. Í lok árs 2012 átti þriðja hvert heimili á Íslandi spjaldtölvu samkvæmt neyslu- og lífsstílskönnun Capacent. Ári síðar átti annað hvert heimili slíka. Spjaldtölvum Íslendinga fjölgaði um 21.500 á einu ári.

Snjallsímaeignin er líka orðin nánast almenn. Í könnun sem MMR gerði í september í fyrra kom fram að tveir af hverjum þremur Íslendingum ættu snjallsíma. Samkvæmt upplýsingum frá söluaðilum þessara tækja hefur ekkert dregið úr hinni hröðu aukningu það sem af er þessu ári. Eftir að stóru fjarskiptafyrirtækin þrjú undirrituðu samninga við Apple um að kaupa iPhone-snjallsíma milliliðalaust, sem lækkaði verðið á þeim um allt að 50 þúsund krónur,

hefur þvert á móti bæst töluvert við. Samningarnir tóku gildi um miðjan desember síðastliðinn og verðið á iPhone-tækjunum er eftir það svipað hérlendis og í stærri löndum Evrópu. Salan á iPhone hefur samhliða þessu flust inn fyrir landsteinana.

Aukið gagnaniðurhal í kjölfar 4G-væðingar

Á Norðurlöndunum og Eystrasaltsríkjum í þúsundum terabæta



Gagnamagnsnotkun sjöfaldast

Innleiðing 4G er langt komin í mörgum nágrannalöndum okkar. Í Svíþjóð voru til að mynda yfir tíu prósent farsímanotenda tengd við 4G í árslok 2012. Þessi þróun leiddi til þess að sænskir farsímanotendur notuðu mest gagnamagn allra Norðurlandaþjóða, eða um 12 GB á ári. Gagnamagnsnotkunin þrefaldaðist á þremur árum. Þróunin er svipuð í öðrum viðmiðunarlöndum, á borð við Noreg, Danmörku og Eystrasaltslöndin. Í stuttu máli er aðalnotkun neytenda á farsímum, sem flestir eru snjalltæki, gagnaniðurhal í stað símhringinga eða skeytasendinga.

Þótt 4G-innleiðingin sé ekki komin jafn langt hérlendis

hefur gagnamagnsnotkun landans tekið ótrúlegum stakkaskiptum á undanförnum tveimur árum. Frá miðju ári 2011 og fram á mitt ár 2013 rúmlega sjöfaldaðist gagnamagnsnotkun viðskiptavina íslensku fjarskiptafyrirtækjanna, úr um 34,6 terabætum í 255,7 terabæt.

UMFRAMNOTKUN GETUR VALDIÐ MIKLUM AUKAKOSTNAÐI FYRIR NEYTENDUR

Það er nauðsynlegt fyrir neytendur að vera vakandi fyrir mögulegri umframnotkun sinni á gagnaniðurhali, sama hjá hvaða fyrirtæki þeir eru í viðskiptum, því þegar hún hefst fer reikningurinn að stækka heldur hratt. Þar sem notkunin er fjarri því jafn sýnileg og til dæmis notkun á símaþjónustu eða skilaboðasendingum er nauðsynlegt fyrir neytendur að velja sér gagnapakka sem er í samræmi við meðalnotkun þeirra á mánuði eða að fylgjast hið minnsta mjög vel með að fara ekki yfir þak þess pakka sem keyptur hefur verið.

Hjá Símanum greiða viðskiptavinir 59 krónur fyrir hver fimm megabæt sem þeir fara fram yfir. Hjá Tal eru greiddar 35 krónur fyrir hver 5 megabæt sem farið er fram yfir og hjá Nova eru greiddar 55 krónur fyrir hver fimm megabæt . Hjá Vodafone virkar þetta þannig að greitt er 90 krónur fyrir hver 15 megabæt af gagnamagni sem farið er yfir um á dag.

Allt eru þetta svokallaðir dagpakkar. Það þýðir til dæmis af ef viðskiptavinur Símans notar sjö megabæt á einum degi greiðir hann tvisvar sinnum 59 krónur fyrir það. Notkunin núllstillist síðan daginn eftir.

Allir taka við sér

Öll stærstu íslensku fjarskiptafyrirtækin, Síminn, Vodafone, Nova og Tal, hafa nýverið kynnt nýjar þjónustuleiðir sem taka mið af þessum nýja veruleika í notkun. Í grófum drátt-um snúast þær um að viðskiptavinir borga ekki lengur fyrir símtöl og skilaboðasendingar heldur greiða þess í stað fyrir ákveðinn megabætapakka. Og verðið fyrir gagnapakkana hækkaði mjög mikið við þessar breytingar. Hjá Símanum hækkaði það til að mynda um 174 prósent.

Hjá Símanum er boðið upp á að greiða 5.990 krónur fyrir ótakmörkuð símtöl og skilaboðasendingar en 500 megabæt af gagnamagni. Hjá Vodafone, í því sem kallast RED S, þarf að greiða sama verð fyrir sama pakka. Nova býður viðskiptavinum upp á að greiða 4.990 krónur fyrir ótakmörkuð símtöl og skilaboð en þar þarf að greiða 690 krónur fyrir 500 megabæt. Verð á sambærilegum pakka hjá Nova er því 5.680 krónur. Tal býður pakka sem kallast Endalaust Tal. Fyrir hann er greitt 5.590 krónur en gagnapakkinn sem fylgir með er einungis 250 megabæt.



Spillingarmál skekja FIFA

Fjölmörg spillingarmál varpa skugga á Alþjóðaknattspyrnusambandið, þar sem stjórnarmenn eru reglulega sakaðir um græðgi og mútuþægni.

ÍÞRÓTTIR
Ægir Þór Eysteinsson
@aegireysteins

Deildu með umheiminum

Ásakanir um að spilling þrífist innan alþjóða knattspyrnusambandsins FIFA hafa verið háværar undanfarin misseri. Sjálfur forseti sambandsins, Sepp Blatter, er mjög umdeildur og hefur ítrekað verið bendlaður við hin ýmsu hneykslismál á þrettán ára valdatíð sinni. Blatter hefur ávallt haldið fram sakleysi sínu og hefur ýmist heitið því að uppræta alla hugsanlega spillingu innan sambandsins eða neitað því að spilling þrífist innan þess. Mörgum hefur þótt Blatter heldur valtur í sessi sem forseti FIFA en það kom engu að síður ekki að sök þegar Frakkinn var endurkjörinn forseti FIFA árið 2011.

Havelange-hneykslið

Brasilíumaðurinn Joao Havelange var forseti FIFA á árunum 1974 til 1998, í hart nær aldarfjórðung. Hann tók við stöðunni af Stanley Rous, en Sepp Blatter er arftaki Havelange. Brasilíumaðurinn var gerður að heiðursforseta FIFA þegar hann lét af störfum sem forseti Alþjóða knattspyrnusambandsins, en hann átti sæti í Alþjóða Ólympíunefndinni á árunum 1963 til 2011.

Havelange sagði af sér sem heiðursforseti FIFA í apríl í fyrra, eftir að upp komst um hneyksli sem hann var viðriðinn. Samkvæmt skýrslu sem rannsóknarnefnd á vegum FIFA vann, og var afhent fjölmiðlum á síðasta ári, kemur fram að Havelange og Ricardo Teixeira, fyrrverandi forseti brasilíska knattspyrnusambandsins og stjórnarmaður hjá FIFA, hafi þegið um 41 milljón Bandaríkjadala í mútugreiðslur frá markaðsfyrirtækinu ISL vegna markaðssetningar á heimsmeistaramótunum í knattspyrnu. Teixeira er jafnframt fyrrverandi tengdasonur Havelange. Umrædd skýrsla var í raun tveggja ára gömul og átti rætur að rekja til dómsmáls í Sviss árið 2008 þar sem Havelange og Teixeira voru ákærðir fyrir spillingu í tengslum við ISL. Tvímenningarnir komu sér undan dómi með því að greiða skaðabætur sem hljóðuðu upp á um 740 milljónir íslenskra króna.

„Markaðsfyrirtækið ISL var í miklu samstarfi við FIFA á níunda og tíunda áratug síðustu aldar. Fyrirtækið sá um markaðssetningu heimsmeistaramótanna, en dæmi eru um að fyrirtækinu hafi verið úthlutuð markaðssetning á heimsmeistaramóti án þess að tilboð þess væri það hagstæðasta fyrir FIFA.“

Markaðsfyrirtækið ISL var í miklu samstarfi við FIFA á níunda og tíunda áratug síðustu aldar. Fyrirtækið sá um markaðssetningu heimsmeistaramótanna, en dæmi eru um að fyrirtækinu hafi verið úthlutuð markaðssetning á heimsmeistaramóti án þess að tilboð þess væri það hagstæðasta fyrir FIFA. ISL varð gjaldþrota árið 2001. Havelange er sagður hafa verið lykilmaður í því að Brasilía varð fyrir valinu vegna HM í knattspyrnu sem fer fram í sumar.

Árið 1999 sögðu fjölmiðlar frá því að Havelange hefði

þegið demanta og aðrar gjafir í tengslum við mislukkaða tilraun Hollendinga að fá að halda Ólympíuleikana árið 1992. Þá var Havelange enn fremur sakaður um að hafa tryggt ISL markaðsréttindi fyrir Ólympíuleika. Havelange var jafnframt sakaður um að hafa tryggt sér forsetastól FIFA með því að míga utan í stórfyrirtæki eins og Coca-Cola og Adidas til að afla sér fjár til kosningabaráttunnar.



Spilltur
Joao Havelange gengur í flasið á blaðamönnum eftir að spillingarmál hans voru gerð opinber. Hann hefur komist hjá því að vera að fullu dreginn til ábyrgðar sökum heilsubrests.

Í áðurnefndri skýrslu rannsóknarnefndar FIFA kemur fram að Sepp Blatter, forseti knattspyrnusambandsins, hafi vitað af einnar milljónar dala mútugreiðslu til Havelange árið 1997, en Blatter gegndi þá stöðu framkvæmdasjtóra FIFA. Greiðslan var lögð fyrir mistök inn á reikning FIFA en nafn Havelange var sett inn sem skýring fyrir greiðslunni. Blatter er ekki sakaður um að hafa brotið af sér í starfi með því að koma upp um málið á sínum tíma, en skýrsluhöfundar komast að þeirri niðurstöðu að vinnubrögð Blatter varðandi málið hafi verið klaufaleg. Núverandi forseti FIFA túlkaði niðurstöðuna á þann veg að með henni væri hann hvítþveginn af spillingu innan FIFA.

Nokkrum dögum áður en siðanefnd Alþjóða Ólympíunefndarinnar hugðist rannsaka embættisfærslur Havelange árið 2011 sagði Brasilíumaðurinn af sér og var þá rannsóknin látin niður falla.

Umdeildar heimsmeistarakeppnir

Í desember árið 2010 tilkynnti FIFA að heimsmeistarakeppnin í knattspyrnu árið 2018 yrði haldin í Rússlandi, og sama keppni árið 2022 myndi fara fram í Katar. Rússland hafði betur í baráttunni um keppnisréttinn við sameiginleg boð Spánar og Portúgals, Hollands og Belgíu og England. Katar hafði betur í samkeppni við boð frá Suður-Kóreu, Japan,



Lusail-leikvangurinn
Til stendur að byggja ríflega 86.000 manna leikvang í borginni Lusail í Katar fyrir heimsmeistarakeppnina árið 2022. Þar verður opnunarleikur mótsins leikinn, sem og úrslitaleikur.

Ástralíu og Bandaríkin. Síðan tilkynnt var um áfangastaði heimsmeistarakepnanna hafa ákvarðanir FIFA verið harðlega gagnrýndar í fjölmiðlum. Fyrrverandi knattspyrnuhetja Belga, Marc Wilmots, sagði til að mynda eftir valið að Rússland hefði verið valið af pólitískum ástæðum og Katar af efnahagslegum ástæðum. Knattspyrnan sjálf hefði í raun tapað með vali á þessum tveimur keppnisstöðum.

Hið ofurríka smáríki Katar, þar sem auðurinn byggist fyrst og síðast á olíuframleiðlsu, verður fyrsta landið í Mið-Austurlöndum sem heldur viðlíka íþróttaviðburð á heimsvísu. Íbúar landsins eru um 1,7 milljónir talsins, en heimsmeistarakeppnin í knattspyrnu er fyrst og síðast til þess fallin að bæta ímynd heimssvæðisins.

Ekkert verður til sparað svo að keppnin í Katar verði hin glæsilegasta. Til stendur að endurgera þrjá knattspyrnuleikvanga og byggja níu glænýja leikvanga til viðbótar, en áætlaður kostnaður vegna þessa er um fjórir milljarðar Bandaríkjadala. Í upphafi fullyrtu yfirvöld í Katar að leikvangarnir yrðu loftkældir svo hægt yrði að halda keppnina að sumri til, eins og hefð er fyrir. Þær fyrirætlanir eru í

uppnámi sökum tæknilegra örðugleika og því er til skoðunar að keppnin verði haldin að vetri til, en á sumrin getur hitinn farið yfir fjörutíu gráður í Katar. Sú ákvörðun liggur hins vegar ekki fyrir en verði það niðurstaðan er ljóst að hún mun vekja upp hörð viðbrögð hjá knattspyrnumálayfirvöldum víða um heim, svo ekki sé talað um styrktaraðila knattspyrnudeilda, aðildarsambönd, leikmenn og samstarfsaðila FIFA.

Til að geta tekið á móti hundruðum þúsunda áhangenda hyggst Katar byggja fjölmörg hótel með 45.000 nýjum hótelherbergjum og koma á fót lestarkerfi til að efla samgöngur á milli leikvanga, sem verða í sjö borgum. Slíkum hópi knattspyrnuaðdáenda fylgir óhjákvæmilega töluverð drykkja og læti henni samhliða. Margir hafa áhyggjur af því að slík hegðun muni rekast illilega á við siðferðisleg gildi smáríkisins, sem er tiltölulega lokað íslamskt ríki.

Engar vegabréfsáritanir

Til að tryggja Rússlandi heimsmeistarakeppnina árið 2018 hét Vladimír Pútín, forseti Rússlands, meðal annars þess að ekki þyrfti vegabréfsáritun til að heimsækja landið á meðan á keppninni stæði. Í dag þurfa til að mynda allir íbúar fyrrverandi ríkja Sovétríkjanna vegabréfsáritun til að komast til Rússlands. Áhyggjur manna varðandi Rússland hafa mikið til snúið að veiku almenningssamgöngukerfi landsins. Væntanlegir keppnisstaðir í Rússlandi verða allir Evrópumegin í landinu og Pútín hefur heitið því að allir gestir keppninnar muni geta ferðast frítt með almenningssamgöngum á meðan á keppni stendur, til að sefa áhyggjur manna af samgöngumálum.

Hausar fjúka vegna spillingarmála

Í tengslum við atkvæðagreiðslu FIFA í vali á keppnisstöðum fyrir heimsmeistarakeppnirnar árin 2018 og 2022 hefur fjöldi ásakana um spillingu skotið upp kollinum. Heimildir innan FIFA herma að yfirvöld í Rússlandi hafi borið peninga og gjafir á háttsetta stjórnendur innan knattspyrnusambandsins til að tryggja sér heimsmeistarakeppnina.



Jack Warner
Fyrrverandi varaforseti FIFA er bendlaður við hin ýmsu spillingarmál sem skekið hafa knattspyrnuheiminn.

FIFA hefur vikið tveimur stjórnarmönnum frá störfum vegna mögulegra spillingamála, þeim Jack Warner, sem var varaforseti knattspyrnusambandsins, og Mohammed Bin Hamman, sem var jafnframt forseti Knattspyrnusambands Asíuþjóða. Hamman er sakaður um að hafa haft milligöngu um greiðslur til stjórnarmanna FIFA, meðal annars til Jack Warner, frá yfirvöldum í Katar til að tryggja landinu heimsmeistarakeppnina árið 2022. Yfirvöld í Katar hafa neitað öllum ásökunum um spillingu.

Fjölmiðlar hafa sömuleiðis fullyrt að tveir stjórnarmenn FIFA til viðbótar séu viðriðnir spillingarmál varðandi val knattspyrnusambandsins á Katar fyrir heimsmeistarakeppnina 2022. Fullyrt er að Issa Hayatou, formaður Afríska knattspyrnusambandsins, og Jacques Anouma, forseti Knattspyrnusambands Fílabeinsstrandarinnar, hafi þegið mútur fyrir atkvæði sín til handa Katar og þá gerðist Amos Adamu, fulltrúi frá Nígeríu hjá FIFA, uppvís að því að bjóða atkvæði sitt til sölu á meðan hann var myndaður af falinni myndavél á fundi með breskum rannsóknarblaðamönnum sem villtu á sér hemildir.

Þá hefur David Triesman, sem fór fyrir baráttu Englendinga um heimsmeistarakeppnina 2018, sakað Jack Warner, áðurnefndan Ricardo Texeira og tvo stjórnarmenn FIFA til viðbótar um óviðeigandi og ósiðlega framgöngu í tengslum við val FIFA á Rússlandi sem keppnisstað fyrir HM 2018.

Þrátt fyrir ásakanirnar, og rannsókn siðanefndar FIFA á þeim, hefur hinn umdeildi Sepp Blatter, forseti knattspyrnusambandsins, ítrekað haldið því fram að innan þess þrífist engin spilling.



Sigurkarl Eiríksson,
áður til heimilis að
Stekkjartúni,
Akureyri.

EKKERT BARN ÆTTI AÐ VERA Í FLÓTTAMANNABÚÐUM

Sendu sms-ið BARN í númerið 1900 og gefðu 1.900 krónur

Við um heim búa börn við ömurlegar aðstæður í flóttamannabúðum. Þau þurfa öryggi og skjól – rétt eins og öll börn.
Framlag þitt hjálpar UNICEF að veita flóttabörnum á átakasvæðum lífsnauðsynlega aðstoð.

Hjálpumst að við að gæta að velferð barna í neyð.

UNICEF ber engan kostnað af birtingu þessarar auglýsingar.

unicef



Konráð Jónsson
lögmaður

Þegar ég upplifði mig sem sunddverg 1/100

Konráð Jónsson skrifar um margvíslegar kennslustundir lífsins í hlutteknigum.

Ég held að sjálfvirkar rennihurðir hafi eitthvað á móti mér. Þegar ég geng upp að þeim, oft á hraðferð, er eins og þær taki sér tíma í að ákveða hvort þær eigi að hleypa mér í gegn en ákveði svo að gera það að lokum. Það er eins og beiðni minni um aðgang sé komið áfram út í heim til bjúrókrata sem situr við tölvu einhvers staðar og þarf að taka ákvörðun um hvort ég fái aðgang, á grundvelli fyrri starfa og gjörða. Það er nú reyndar ekkert ósennilegt, miðað við það hvert eftirlitssamfélagið er komið. Það er huggun harmi gegn að ég virðist alltaf fá inngöngu á endanum, nema þegar ég reyni að fara á móti umferð út úr matvöruverslun.

Kannski er svolítið kjánalegt að játa það en mér líður hálfasnalega þegar ég lendi í þessari vandræðalegu störukeppni á milli mín og rennihurðarinnar. Ég finn fyrir höfnunartilfinningu og fer að velta því fyrir mér hvort rennihurðin viti ekki af því. Þó kemur til greina að ég sé bara með slæmt dyrakarma.

Sundskóli lífsins

Ég held að ég hafi hagað mér dálítið eins og sjálfvirk og dómhörð rennihurð þegar ég fór í sund um daginn. Þar var einstaklingur, sem ég kýs að kalla dverg, með almennum fyrirvara um pólitískan rétttrúnað, en ef orðið dvergur misbýður lesendum skulu þeir héðan í frá skipta því út fyrir „einstaklingur sem er haldinn brjóskkyrkingi (e. achondroplasia), sem lýsir sér þannig að öll löng bein í líkamanum vaxa ekki á eðlilegum hraða“. Nema hvað. Í sundlauginni var dvergur. Hending réð því að við fórum í gufubað á sama tíma. Ég gat ekki hætt að hugsa um þá staðreynd að þessi maður væri dvergur. (Þið vitið, þessi eyrnaormur: „Hann er dvergur. Hann er dvergur. Hann er dvergur.“) Þetta er örugglega það sem rennihurðirnar eru að hugsa um hann þegar hann á leið í gegnum þær. Eruð þið ekki svona líka þegar þið sjáið einhvern sem er öðruvísi? Sjálfur er ég alveg rosalega loðinn á baki og upphandleggjum og ég ímynda mér að aðrir sundlaugargestir dvelji dálítið við þá staðreynd þegar þeir sjá mig í pottinum (og sjálfvirkar rennihurðir þegar ég fer í gegnum þær ber að ofan). Loðnir menn eru blökkumenn heimsins, eins og John Lennon sagði alltaf.

„Ég hef aldrei skilið almennilega af hverju teknar eru ljósmyndir af hlaupurum í skipulögðum víðavangshlaupum til opinberrar birtingar. Þeir sem fara út að hlaupa, sérstaklega langar vegalengdir, eru í mjög viðkvæmu ástandi. Þeir eru gjarnan rauðir og rennsveittir í framan og gretta sig í þeirri von að það minnki sársaukann.“

Korteri síðar var ég hálfnakinn í karlaklefanum þegar inn gekk stærsti maður sem ég hef séð. Hann var á að giska 220 cm og fyrir mér var það nógu helvíti mikið. Minnimáttarkennd mín var svakaleg. Þetta fundust mér mögnuð skipti, því stuttu áður hafði ég hitt lítinn mann, og nú var ég orðinn eins og hann, af því að yfir mig gnæfði stór maður líkt og ég hafði gnæft yfir hann. Ég var kominn í fótspor andlags hugsana minna. Vísindasamfélagið (ég trúi ekki á almættið) var að

kenna mér að setja mig í fótspor annarra. Þetta var kennslustund í hluttekningu.

Má bjóða þér ljósmynd af þér á þinni viðkvæmustu stund?

Ég hafði fundið fyrir þessari hluttekningu fyrir nokkrum árum þegar ég var úti að hlaupa á Ægisíðunni og mætti kunningja mínum sem var líka að hlaupa. Við komum auga hvor á annan með góðum fyrirvara og þegar við mættumst hæfævuðum við hvor annan án þess að segja nokkurt aukatekið orð. Það myndaðist samkennd með okkur þjáningarbræðrunum sem púluðum og svitnuðum fyrir allra augum. Ég hef aldrei skilið almennilega af hverju teknar eru ljósmyndir af hlaupurum í skipulögðum víðavangshlaupum til opinberrar birtingar. Þeir sem fara út að hlaupa, sérstaklega langar vegalengdir, eru í mjög viðkvæmu ástandi. Þeir eru gjarnan rauðir og rennsveittir í framan og gretta sig í þeirri von að það minnki sársaukann. Ég hef líkt þessu við að kúka á almannafæri. Þú vilt ekki láta taka mynd af þér þegar þú ert að kúka. Tveir hlauparar sem mætast á Ægisíðunni finna til samkenndar. Þeir finna fyrir sömu niðurlægingunni.

„Loðnir menn eru blökkumenn heimsins, eins og John Lennon sagði alltaf.“

Mér leið svo vel eftir að hafa hæfævað vin minn að ég ákvað að hæfæva framvegis alla hlaupara sem ég mæti þegar ég hleyp úti. Það er öðrum þræði til að hvetja áfram og láta vita að ég finn til með viðkomandi. Ég myndi gera það sama á almenningssalernum ef það væru ekki skilrúm á milli hægðastöðva. Sjálfvirkar rennihurðir hafa, að mér vitandi, ekki mæst á förnum vegi til þessa. Ég veit ekki hvað þær myndu gera ef til þess kæmi. En sunddvergar eru sjálfsagt vel færir um að hlaupa. Næst þegar ég mæti sunddverg ætla ég að hæfæva hann, ekki bara af því að við hlaupum báðir úti, heldur vegna þess að ég veit hvernig það er að vera lágvaxinn í sundi.

KJARNINN

Hlaðvarp

Hlustaðu á Hlaðvarp Kjarnans þegar þú vilt, hvar sem þú ert.



Smelltu hér til að velja þér þætti úr Hlaðvarpi Kjarnans eða gerast áskrifandi.



NÆST Á DAGSKRÁ

Hismið

Árni Helgason og Grétar Theodórsson ásamt gestum fara í loftið alla föstudaga

kjarninn